

Staða launafólks á Íslandi

*Niðurstöður spurningakönnunar meðal
félaga í aðildarfélögum ASÍ og BSRB*

Mars 2024



Staða launafólks á Íslandi. Niðurstöður spurningakönnunar meðal félaga í aðildarfélögum ASÍ og BSRB

Útgefandi: Varða – Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins
Höfundar: Kristín Heba Gísladóttir og Maya Staub
Úrvinnsla tölfraeðilegra gagna: Maya Staub og Sigrún Ólafsdóttir

Guðrúnartún 1, 105 Reykjavík
Sími: 535 5629
Netfang: rannvinn@rannvinn.is
Vefsíða Vörðu: rannvinn.is
ISBN númer: 978-9935-532-33-6

© Varða – Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins, 2024

Efnisyfirlit

Helstu niðurstöður.....	1
Key outcomes.....	2
1 Inngangur.....	3
2 Aðferð.....	4
2.1 Fyrirlögn.....	4
2.2 Svarhlutfall.....	4
2.3 Vigtun gagna.....	4
2.3.1 Vigtun gagna – samanburður áráanna 2022, 2023 og 2024.....	6
2.4 Mælingar.....	6
2.5 Marktækniþróf.....	7
3 Niðurstöður.....	8
3.1 Staða á vinnumarkaði.....	11
3.2 Fjárhagsstaða.....	15
3.2.1 Ná endum saman.....	15
3.2.2 Geta mætt óvæntum 80 þúsund króna útgjöldum.....	17
3.2.3 Fjárhagsstaða betri eða verri en fyrir ári.....	19
3.2.4 Efnislegur skortur.....	21
3.2.5 Fjárhagsaðstoð.....	25
3.2.6 Yfirdráttur, smálán, bílalan og önnur skammtímalán.....	28
3.2.7 Fjárhagslegt sjálfstæði.....	30
3.2.8 Fjárskortur komið í veg fyrir að hægt sé að greiða þætti fyrir börn.....	32
3.2.9 Samanburður - fjárhagsstaða 2022, 2023 og 2024.....	40
3.2.10 Samantekt - fjárhagsstaða félaga.....	43
3.2.11 Summary - Financial Standing.....	44
3.3 Staða launafólks á húsnæðismarkaði.....	47
3.3.1 Staða á húsnæðismarkaði.....	47
3.3.2 Gerð húsnæðis.....	52
3.3.3 Stærð húsnæðis.....	56
3.3.4 Hentugleiki húsnæðis.....	60
3.3.5 Skipt um húsnæði.....	63

3.3.6	Byrði húsnæðiskostnaðar	66
3.3.7	Leiguverð, húsnæðisstuðningur og möguleikar á húsnæðis kaupum meðal leigjenda 69	
3.3.8	Fjárhagsstaða launafólks eftir stöðu á húsnæðismarkaði.....	70
3.3.9	Samanburður - fjárhagsstaða eftir stöðu á húsnæðismarkaði 2022, 2023 og 2024	74
3.3.10	Samantekt - staða launafólks á húsnæðismarkaði.....	77
3.3.11	Summary - Housing market status.....	78
3.4	Heilsufar launafólks	80
3.4.1	Líkamlegt heilsufar	80
3.4.2	Andlegt heilsufar.....	83
3.4.3	Samanburður - heilsufar launafólks 2022, 2023 og 2024	89
3.4.4	Samantekt - heilsufar launafólks.....	90
3.4.5	Summary - Health.....	90
3.5	Staða innflytjenda á íslenskum vinnumarkaði	91
3.5.1	Staða á vinnumarkaði.....	92
3.5.2	Menntun	100
3.5.3	Færni í íslensku og íslensku kennsla.....	107
3.5.4	Samræmi færni og starfs	113
3.5.5	Framtíðarhorfur á Íslandi	119
3.5.6	Samantekt – staða innflytjenda á Íslandi	121
3.5.7	Summary– immigrants in Iceland.....	122
3.6	Mismunun á vinnumarkaði.....	124
3.6.1	Samantekt – mismunun á vinnumarkaði.....	128
3.6.2	Summary– discrimination in the labour market.....	128
	Heimildarskrá.....	129
	Viðauki I	130

Töfluyfirlit

Tafla 1. Flokkun aðildarféлага vegna vigtunar.	5
Tafla 2. Svarhlutfall og lokavog vigtunarflokka.	6
Tafla 3. Lýðfræðileg samsetning eftir kyni.	10
Tafla 4. Staða á vinnumarkaði eftir kyni.	12
Tafla 5. Starfsgreinar eftir kyni.	13
Tafla 6. Starfsgreinar eftir aldri.	14
Tafla 7. Auðvelt eða erfitt að ná endum saman eftir kyni og fjölskyldustöðu.	16
Tafla 8. Auðvelt eða erfitt að ná endum saman eftir kyni og uppruna.	17
Tafla 9. Geta mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar eftir kyni og fjölskyldustöðu.	18
Tafla 10. Geta mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar eftir kyni og uppruna.	19
Tafla 11. Fjárhagsstaða betri eða verri en fyrir ári eftir kyni og fjölskyldustöðu.	20
Tafla 12. Fjárhagsstaða betri eða verri en fyrir ári eftir kyni og uppruna.	21
Tafla 13. Efnislegur skortur eftir kyni og fjölskyldustöðu.	22
Tafla 14. Fjöldi þátta sem efnislegur skortur er á eftir kyni og fjölskyldustöðu.	23
Tafla 15. Efnislegur skortur eftir kyni og uppruna.	24
Tafla 16. Fjöldi þátta sem efnislegur skortur er á eftir kyni og uppruna.	25
Tafla 17. Fjárhagsaðstoð á síðastliðnum 12 mánuðum eftir kyni og fjölskyldustöðu.	26
Tafla 18. Fjárhagsaðstoð (samanteknir þættir) á síðastliðnum 12 mánuðum eftir kyni og fjölskyldustöðu.	27
Tafla 19. Fjárhagsaðstoð síðastliðna 12 mánuði eftir kyni og uppruna.	27
Tafla 20. Fjárhagsaðstoð (samanteknir þættir) síðastliðna 12 mánuði eftir kyni og uppruna.	28
Tafla 21. Yfirdráttur, smálán/skammtímalán, húsnæðislán, bílalán, námslán eða lán hjá vini/fjölskyldumeðlim eftir kyni og fjölskyldustöðu.	29
Tafla 22. Yfirdráttur, smálán/skammtímalán, húsnæðislán, bílalán, námslán eða lán hjá vini/fjölskyldumeðlim eftir kyni og uppruna.	30
Tafla 23. Geta séð fyrir sjálfu sér og börnum án aðstoðar eftir kyni og fjölskyldustöðu.	31
Tafla 24. Geta séð fyrir sjálfu sér og börnum án aðstoðar eftir kyni og uppruna.	32
Tafla 25. Fjárskortur síðastliðna 12 mánuði komið í veg fyrir að hægt sé að greiða grunnþætti fyrir börn eftir kyni og fjölskyldustöðu.	34
Tafla 26. Fjárskortur síðastliðna 12 mánuði komið í veg fyrir að hægt sé að greiða grunnþætti fyrir börn (samanteknir þættir) eftir kyni og fjölskyldustöðu.	36
Tafla 27. Fjárskortur síðastliðna 12 mánuði komið í veg fyrir að hægst sé að greiða grunnþætti fyrir börn eftir kyni og uppruna.	37
Tafla 28. Fjárskortur síðastliðna 12 mánuði komið í veg fyrir að hægt sé að greiða grunnþætti fyrir börn (samanteknir þættir) eftir kyni og uppruna.	39
Tafla 29. Auðvelt eða erfitt að ná endum saman. Samanburður milli ára.	40
Tafla 30. Geta mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar. Samanburður milli ára.	40

Tafla 31. Fjárhagstaða betri eða verri en fyrir ári síðan. Samanburður milli ára.	41
Tafla 32. Fjöldi þátta sem efnislegur skortur er á. Samanburður milli ára.	41
Tafla 33. Fjárskortur síðastliðna 12 mánuði komið í veg fyrir að hægt sé að greiða grunnþætti fyrir börn (samanteknir þættir). Samanburður milli ára.	42
Tafla 34. Staða á húsnæðismarkaði eftir kyni og fjölskyldustöðu.	48
Tafla 35. Staða á húsnæðismarkaði eftir kyni og uppruna.	49
Tafla 36. Staða á húsnæðismarkaði eftir kyni og aldri.	50
Tafla 37. Lýðfræðileg samsetning eftir stöðu á húsnæðismarkaði.	52
Tafla 38. Gerð húsnæðis eftir kyni og fjölskyldustöðu.	53
Tafla 39. Gerð húsnæðis eftir kyni og uppruna.	54
Tafla 40. Gerð húsnæðis eftir kyni og aldri.	55
Tafla 41. Gerð húsnæðis eftir stöðu á húsnæðismarkaði.	56
Tafla 42. Stærð húsnæðis eftir kyni og fjölskyldustöðu.	57
Tafla 43. Stærð húsnæðis eftir fjölda barna og fjölskyldustöðu.	58
Tafla 44. Stærð húsnæðis eftir uppruna.	59
Tafla 45. Stærð húsnæðis eftir stöðu á húsnæðismarkaði.	60
Tafla 46. Hversu vel eða illa hentar húsnæði eftir kyni og fjölskyldustöðu.	61
Tafla 47. Hversu vel eða illa hentar húsnæði eftir kyni og uppruna.	62
Tafla 48. Hversu vel eða illa hentar húsnæði eftir stöðu á húsnæðismarkaði.	63
Tafla 49. Hversu oft skipt um húsnæði síðastliðin fimm ár eftir kyni og fjölskyldustöðu.	64
Tafla 50. Hversu oft skipt um húsnæði síðastliðin fimm ár eftir kyni og uppruna.	65
Tafla 51. Hversu oft skipt um húsnæði síðastliðin fimm ár eftir stöðu á húsnæðismarkaði.	66
Tafla 52. Byrði húsnæðiskostnaðar eftir kyni og fjölskyldustöðu.	67
Tafla 53. Byrði húsnæðiskostnaðar eftir kyni og uppruna.	67
Tafla 54. Byrði húsnæðiskostnaðar eftir kyni og aldri.	68
Tafla 55. Byrði húsnæðiskostnaðar eftir stöðu á húsnæðismarkaði.	69
Tafla 56. Leiguverð leigjenda eftir kyni.	69
Tafla 57. Innifalið í leiguverði leigjenda eftir kyni.	69
Tafla 58. Húsnæðisbætur og sérstakur húsnæðisstuðningur frá sveitarfélagi meðal leigjenda eftir kyni.	70
Tafla 59. Hversu líkleg eða ólíkleg eru kaup á eigin húsnæði í náninni framtíð meðal leigjenda eftir kyni.	70
Tafla 60. Auðvelt eða erfitt að ná endum saman eftir kyni og stöðu á húsnæðismarkaði.	71
Tafla 61. Geta mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar eftir kyni og stöðu á húsnæðismarkaði.	72
Tafla 62. Skortur á efnislegum gæðum eftir kyni og stöðu á húsnæðismarkaði.	73
Tafla 63. Auðvelt eða erfitt að ná endum saman eftir stöðu á húsnæðismarkaði. Samanburður milli ára.	74
Tafla 64. Byrði húsnæðiskostnaðar eftir stöðu á húsnæðismarkaði. Samanburður milli ára.	75
Tafla 65. Fjöldi þátta sem efnislegur skortur er á eftir stöðu á húsnæðismarkaði. Samanburður milli ára.	76
Tafla 66. Líkamlegt heilsufar eftir kyni og fjölskyldustöðu.	81
Tafla 67. Líkamlegt heilsufar eftir kyni og uppruna.	82

Tafla 68. Líkamlegt heilsufar eftir kyni og aldri.....	82
Tafla 69. Nánast dagleg neikvæð andleg einkenni eftir kyni og fjölskyldustöðu.....	84
Tafla 70. Nánast dagleg neikvæð andleg einkenni eftir kyni og uppruna.....	86
Tafla 71. Nánast dagleg neikvæð andleg einkenni eftir kyni og aldri.....	88
Tafla 72. Líkamlegt heilsufar launafólks. Samanburður milli ára.	89
Tafla 73. Stig á heildarkvarða PHQ-9. Samanburður milli ára.....	89
Tafla 74. Lýðfræðileg samsetning eftir uppruna.....	92
Tafla 75. Staða á vinnumarkaði eftir kyni og uppruna.....	93
Tafla 76. Starfshlutfall eftir kyni og uppruna.....	94
Tafla 77. Starfsvettvangur eftir kyni og uppruna.	95
Tafla 78. Starfsgreinar eftir kyni og uppruna.....	97
Tafla 79. Með hvað hætti fengið núverandi starf eftir kyni og uppruna.	99
Tafla 80. Núverandi starf fyrsta starf meðal innflytjenda eftir kyni.	99
Tafla 81. Hafa upplifað erfiðleika við að fá starf á Íslandi meðal innflytjenda eftir kyni.	100
Tafla 82. Ástæður erfiðleika með að fá starf á Íslandi meðal innflytjenda eftir kyni.	100
Tafla 83. Menntun eftir uppruna.	102
Tafla 84. Í hvaða landi var nám stundað eftir kyni og uppruna.	103
Tafla 85. Sóst eftir viðurkenningu á námi eftir kyni og uppruna.....	104
Tafla 86. Sóst eftir viðurkenningu á námi eftir því í hvaða landi/löndum nám var stundað.....	104
Tafla 87. Fengið viðurkenningu á námi eftir kyni og uppruna.	105
Tafla 88. Fengið viðurkenningu á námi eftir því í hvaða landi nám var stundað.	106
Tafla 89. Hvers vegna ekki sóst eftir viðurkenningu á námi eftir kyni og uppruna.....	107
Tafla 90. Færni í íslensku meðal innflytjenda eftir kyni.....	107
Tafla 91. Fjöldi íslenskunámskeiða sem innflytjendur hafa lokið eftir kyni.....	108
Tafla 92. Fjöldi íslenskunámskeiða sem innflytjendur hafa lokið eftir starfsvettvangi og starfsgreinum.....	109
Tafla 93. Hjú hvarða aðilda var íslenskunám stundað meðal innflytjenda eftir kyni.....	110
Tafla 94. Hjú hvarða aðila var íslenskunám stundað meðal innflytjenda eftir starfsvettvangi og starfsgreinum.....	111
Tafla 95. Ástæður þess að hafa ekki sótt íslenskukennslu meðal innflytjenda eftir kyni.	112
Tafla 96. Ástæður þess að hafa ekki sótt íslenskukennslu meðal innflytjenda eftir starfsvettvangi og starfsgreinum.....	113
Tafla 97. Færni í samræmi við kröfur starfs meðal innflytjenda eftir kyni.....	114
Tafla 98. Færni í samræmi við kröfur starfs meðal innflytjenda eftir kyni og menntun.....	115
Tafla 99. Færni í samræmi við kröfur starfs meðal innflytjenda eftir kyni og starfsvettvangi. .	115
Tafla 100. Færni í samræmi við kröfur starfs meðal innflytjenda eftir kyni og starfsgreinum..	117
Tafla 101. Ástæður þess að kröfur starfsins eru ekki í samræmi við færni meðal innflytjenda eftir kyni.	119
Tafla 102. Hvað er langt síðan flutt var til Íslands meðal innflytjenda eftir kyni.....	119
Tafla 103. Ástæða flutninga til Íslands meðal innflytjenda eftir kyni.	120
Tafla 100. Hversu lengi áætlað er að búa á Íslandi meðal innflytjenda eftir kyni.	120
Tafla 105. Mismunun á íslenskum vinnumarkaði á undanförunum tveimur árum eftir kyni.	124

Tafla 106. Mismunun á íslenskum vinnumarkaði á síðastliðnum tveimur árum eftir kyni og uppruna.	125
Tafla 107. Mismunun á íslenskum vinnumarkaði á undanförunum tveimur árum eftir húðlit. ...	126
Tafla 108. Mismunun á íslenskum vinnumarkaði á síðastliðnum tveimur árum eftir kyni og aldri.	127

Helstu niðurstöður

Niðurstöður könnunarinnar sem var lögð fyrir félagi í aðildarfélögum ASÍ og BSRB sýna:

- **Fjögur af hverjum tíu á vinnumarkaði eiga erfitt með að ná endum saman:**
 - 11% launafólks búa við skort á efnislegum gæðum og hefur hlutfallið hækkað milli ára.
 - Tæplega fjögur af hverjum tíu gætu ekki mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar.
 - Fjárhagsstaða kvenna er verri en karla á öllum heildarmælikvörðum og konur eru háðari maka um framfærslu en karlar.
- **Staða foreldra versnar milli ára þar sem hærra hlutfall þeirra hefur ekki efni á grunnþáttum fyrir börnin sín:**
 - Tæplega tveir af hverjum tíu foreldrum hafa ekki ráð á að gefa börnum sínum afmælis- og/eða jólagjafir og lítið lægra hlutfall getur ekki greitt kostnað vegna skipulagðra tómsunda. Þá er barnafólk líklegra til að vera með yfirdrátt en aðrir hópar.
 - Staða einhleypra foreldra er mun verri en sambúðarfólks og hærra hlutfall þeirra hefur ekki efni á grunnþáttum fyrir börnin sín.
- **Fjárhagsstaða einhleypra foreldra er verst meðal vinnandi fólks:**
 - Tæplega sex af hverjum tíu í hópi einhleypra foreldra eiga erfitt með að ná endum saman
 - Tæplega fjórðungur býr við skort á efnislegum gæðum.
 - Ríflega sex af hverjum tíu einhleyfum mæðrum gætu ekki mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum og sama á við um ríflega fimm af hverjum tíu einhleyfum feðrum.
- **Fjórða árið í röð mælist staða innflytjenda mun verri en innfæddra Íslendinga:**
 - Tæplega helmingur innflytjenda á erfitt með að ná endum saman.
 - Hærra hlutfall innflytjenda býr við skort á efnislegum gæðum en innfæddir Íslendingar.
 - Tæplega helmingur búa við slæma andlega heilsu.
- **Priðjungur launafólks býr við þunga byrði af húsnæðiskostnaði:**
 - Fjárhagsstaða fólks í óhagnaðardrifnu leiguhúsnæði er verst. Fjórðungur þeirra býr við efnislegan skort og ríflega sex af hverjum tíu gætu ekki mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum.
 - Fólk á aldrinum 31 - 40 ára er líklegra en aðrir aldurshópar til að búa við þunga byrði af húsnæðiskostnaði.
- **Ríflega helmingur einhleypra mæðra og ungra kvenna býr við slæma andlega heilsu:**
 - Rúmlega 30% launafólks búa við slæma andlega heilsu.
 - Hæst er hlutfall einhleypra mæðra og ungra kvenna sem búa við slæma andlega heilsu en sama á við um hátt hlutfall innflytjenda og einhleypra feðra.
- **Priðjungur innflytjenda hefur orðið fyrir mismunun á vinnumarkaði á síðustu tveimur árum vegna uppruna:**
 - Atvinnuþátttaka innflytjenda er mjög mikil og sérstaklega er áberandi að fleiri innflytjendakonur eru í launuðu starfi og fullu starfi samanborið við innfæddar konur. Einnig er hærra hlutfall innflytjenda en innfæddra með menntun á háskólastigi. Hins vegar hefur lægra hlutfall þeirra en innfæddra fengið menntun sína metna á Íslandi.
 - Innflytjendur sem hafa átt í erfiðleikum með að fá starf hér á landi telja skort á íslenskukunnáttu helstu hindrunina. Helsta ástæða þess að hafa ekki sótt íslenskunám er tímaskortur.
 - Tæplega sjö af hverjum tíu innflytjendum hafa búið á Íslandi í fimm ár eða lengur og meira en helmingur fluttist til landsins vegna vinnu. Helmingur innflytjenda vill setjast að á Íslandi til frambúðar.

Key outcomes

Outcomes from the survey, posed to members of unions within ASÍ and BSRB, show that:

- **Four out of ten workers struggle to make ends meet:**
 - 11% of workers suffer material deprivation and the percentage is higher than last year.
 - Almost four out of ten are not able to meet an unexpected cost of 80,000 ISK, without going into debt.
 - Women's financial situation is worse than that of men on all indicators, and women are more dependent on their spouses for income than men.
- **The status of parents is worse than one year ago, with a higher proportion of them unable to afford basic necessities for their children:**
 - Almost two out of ten parents cannot afford to give their children birthday or Christmas presents, and a slightly smaller proportion cannot pay for organised recreational activities. Parents are also more likely to have a bank overdraft than other people.
 - The situation of single parents is much worse than that of cohabiting couples, with a higher proportion of them unable to afford basic necessities for their children.
- **Single parents have the worst financial situation among workers:**
 - Almost six out of ten single parents find it somewhat difficult to make ends meet.
 - Almost a fourth suffers material deprivation.
 - A little more than six out of ten single mothers could not meet an unexpected cost of 80,000 ISK, and almost five out of ten single fathers.
- **For the fourth year in a row, the survey outcomes show a much worse situation among immigrants, compared to native Icelanders:**
 - Almost a half of immigrants find it very difficult to make ends meet.
 - Immigrants are more likely than native Icelanders to suffer material deprivation.
 - Almost a half reports poor mental health.
- **A third of workers have a burdensome housing cost:**
 - Tenants in non-profit housing associations have the worst financial standing. A fourth of them suffers material deprivation and roughly six out of ten people are not able to meet an unexpected cost of 80,000 ISK.
 - People aged 31 to 40 are more likely than other age groups to have a burdensome housing cost.
- **Just over a half of single mothers and young women report poor mental health:**
 - Roughly 30% of workers report poor mental health.
 - Single mothers and young women are most likely to report poor mental health, followed by immigrants and single fathers.
- **A third of immigrants have experienced discrimination based on their origin in the last two years:**
 - Immigrant labour market participation is very high, especially notable is the higher number of immigrant women in paid and full-time employment compared to native women. Additionally, a higher proportion of immigrants than natives have university-level education. However, a lower proportion of immigrants have had their education recognised in Iceland.
 - Immigrants who have had difficulty finding employment in Iceland cite a lack of Icelandic proficiency as the main obstacle. The primary reason for not pursuing Icelandic language education is a lack of time.
 - Almost seven out of ten immigrants have lived in Iceland for five years or longer, and more than half moved to the country for work. Half of the immigrants aspire to settle in Iceland for the long term.

1 Inngangur

Í janúar lagði Varða – Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins fyrir umfangsmikla könnun meðal launafólks innan aðildarféлага Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og BSRB í fjórða sinn og hefur þátttaka aldrei verið meiri. Markmið könnunarinnar er að varpa ljósi á:

1. Fjárhagsstöðu launafólks eftir kyni, fjölskyldugerð og uppruna
2. Stöðu launafólks á húsnæðismarkaði eftir kyni, fjölskyldugerð, uppruna, aldri og fjárhagsstöðu með sérstakri áherslu á stöðu leigjenda eftir sömu þáttum
3. Líkamlega og andlega heilsu launafólks eftir kyni, fjölskyldugerð, uppruna og aldri
4. Stöðu innflytjenda íslenskum vinnumarkaði eftir kyni
5. Mismunun á íslenskum vinnumarkaði eftir kyni, aldri, uppruna og húðlit

Könnunin var lögð fyrir í janúar 2024 og er aðferð hennar lýst í 2. kafla. Í 3. kafla er greint frá niðurstöðum könnunarinnar. Fyrst er greint frá lýðfræðilegri samsetningu, þá er greint frá fjárhagsstöðu launafólks, stöðu á húsnæðismarkaði, heilsufari, stöðu innflytjenda og síðast frá mismunun á íslenskum vinnumarkaði.

2 Aðferð

Notað er heildarþýðisúrtak (e. total population sampling) sem er ein af tegundum markvissra úrtaka (purposive sampling) og er skilgreint þýði félagar í aðildarfélögum ASÍ og BSRB. Varða hefur ekki aðgang að félagaskrám aðildarfélaganna og hafa félögin sjálf milligöngu um að virkja félagsfólks sitt til þátttöku.

2.1 Fyrirlögn

Formaður BSRB og forseti ASÍ sendu formönnum allra aðildarfélaga (19 félaga innan BSRB og 44 innan ASÍ) tölvupóst og óskuðu eftir aðstoð þeirra við að koma könnuninni á framfæri við félagsfólk. Formenn aðildarfélaganna fengu upplýsingatexta um könnunina á íslensku, ensku og pólsku til að senda í tölvupósti til félagsfólks og voru jafnframt hvött til að senda sms skilaboð og hafa hlekk inn á „mínum síðum“.

Könnunin var opin frá 4. janúar 2024 til 17. janúar 2024. Hún var rafræn og aðgengileg með hlekk og hægt að svara könnuninni einu sinni á hverri IP-tölu. Svarendum gafst færi á að svara henni á íslensku, ensku eða pólsku.

2.2 Svarhlutfall

Könnunin er ætluð öllu félagsfólki heildarsamtaka ASÍ og BSRB. Greiðandi félagar innan 44 aðildarfélaga ASÍ voru 143.406 í október 2023. Innan BSRB voru í janúar 2023 samtals 24.494 félagar í 19 aðildarfélögum. Í þýðinu voru því samtals 167.900 einstaklingar. Könnuninni svöruðu 21.095 félagar og svarhlutfallið 12,6%.

2.3 Vigtun gagna

Þar sem að notast er við heildarþýðisúrtak í könnuninni, sem gerir Vörðu kleift að safna upplýsingum án þess að hafa aðgang að þýðisskrá, eru gögnin vigtuð út frá þekktum eiginleikum þýðisins til að þau endurspegli sem best þýðið í heild sinni. Til vigtunarinnar er félagatal beggja heildarsamtakanna nýtt og út frá því vigtað eftir kyni og aðildarfélögum. Við vigtunina er aðildarfélögum innan ASÍ og BSRB skipt í flokka eftir eðli þeirra starfa sem félagsmenn í viðkomandi félögum sinna.

Tafla 1. Flokkun aðildarfélaga vegna vigtunar.

Vigtunarflokkur	Félög
ASÍ 1	AFL-Starfsgreinafélag, Aldan stéttarfélag, Báran stéttarfélag, Drífandi stéttarfélag, Eining – Iðja, Framsýn stéttarfélag, Stéttarfélag Vesturlands, Stéttarfélagið Samstaða, Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur, Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis, Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis, Verkalýðsfélag Akraness, Verkalýðsfélag Grindavíkur, Verkalýðsfélag Snæfellinga, Verkalýðsfélag Suðurlands, Verkalýðsfélag Vestfirðinga, Verkalýðsfélag Þórshafnar, Sjómannafélag Eyjafjarðar, Sjómannafélag Ólafsfjarðar, Sjómannafélagið Jötunn
ASÍ 2	Efling stéttarfélag, Verkalýðsfélagið Hlíf
ASÍ 3	Félag verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri, Verslunarmannafélag Skagfirðinga, VR.
ASÍ 4	Félag íslenskra rafvirkja, Félag íslenskra símamanna, Félag rafeindavirkja, Félag rafiðnaðarmanna Suðurlandi, Félag tæknifólks, Rafiðnaðarfélag Norðurlands, Rafiðnaðarfélag Suðurnesja, BYGGIÐN - félag byggingamanna, Félag iðn- og tæknigreina, Félag járníðnaðarmanna Ísafirði, Félag málmíðnaðarmanna Akureyri, Iðnsveinafélag Skagafjarðar, ÞINGIÐN, Grafía - stéttarfélag í prent- og miðlunargreinum, MATVÍS, VM - Félag vélstjóra og málmæknimanna, Mjólkurfræðingafélag Íslands, LEIÐSÖGN - stéttarfélag leiðsögumanna, Flugfreyjufélag Íslands
BSRB 1	Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi, FOSS - stéttarfélag í almannaþjónustu, Kjölur - stéttarfélag starfsmanna í almannaðjónustu, Starfsmannafélag Húsavíkur, Starfsmannafélag Suðurnesja, Starfsmannafélag Vestmannaeyjabæjar, Starfsmannafélag Garðabæjar, Starfsmannafélag Hafnarfjarðar, Starfsmannafélag Kópavogs, Starfsmannafélag Mosfellsbæjar, Póstmannafélags Íslands
BSRB 2	Sameyki - stéttarfélag í almannaðjónustu, Félag starfsmanna Stjórnarráðsins.
BSRB 3	Landssamband lögreglumanna, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Tollvarðafélag Íslands, Félag flugmálastarfsmanna ríkisins, Félag íslenskra flugumferðarstjóra
BSRB 4	Sjúkraliðafélag Íslands

Þar sem að könnunin byggir á heildarþýðisúrtaki þar sem allir aðildarfélagar eiga jafna möguleika á að taka þátt er öllum vigtunarflokkunum gefin úrtaksvogin 1. Lokavogin er svo reiknuð út með því að deila svarhlutfalli viðkomandi flokks í úrtaksvogina. Vigtunaraðferðina má sjá í töflu 2.

Í ljósi þess að einungis örfá aðildarfélög innan ASÍ og BSRB bjóða upp á kynskráninguna „kvár“ eða „annað“ var eingöngu hægt að vigta gögnin út frá konum og körlum. Af þeirri ástæðu var ákvörðun tekin um að flokka kvár og kynsegin fólk með konum. Þetta var gert á forsendum kynjakerfisins þar sem bæði konur, kvár og kynsegin fólk er samfélagslega undirskipað körlum en best væri ef hægt væri að vigta gögnin í samræmi við raunverulega kynupplifun.

$$\frac{\text{Úrtaksvog}}{\text{Svarhlutfall}} * 100 = \text{Lokavog}$$

Tafla 2. Svarhlutfall og lokavog vigtunarflokka.

Vigtunarflokkur	Fjöldi í þýði	Fjöldi svara	Svarhlutfall	Úrtaksvog	Lokavog
ASÍ 1					
Karlar	22.043	2061	9,3%	1	10,695
Konur	17.572	2337	13,3%	1	7,519
ASÍ 2					
Karlar	18.954	1861	9,8%	1	10,185
Konur	16.747	2149	12,8%	1	7,793
ASÍ 3					
Karlar	20.680	1991	9,6%	1	10,387
Konur	25.053	2832	11,3%	1	8,846
ASÍ 4					
Karlar	19.666	1721	8,8%	1	11,427
Konur	2.691	311	11,6%	1	8,653
BSRB 1					
Karlar	3.770	490	13,0%	1	7,694
Konur	4.229	1681	39,7%	1	2,516
BSRB 2					
Karlar	5.962	759	12,7%	1	7,855
Konur	6.510	1617	24,8%	1	4,026
BSRB 3					
Karlar	1.523	335	22,0%	1	4,546
Konur	517	112	21,7%	1	4,616
BSRB 4					
Karlar	66	20	30,3%	1	3,300
Konur	1.917	694	36,2%	1	2,762

2.3.1 Vigtun gagna – samanburður árána 2022, 2023 og 2024

Niðurstöður könnunarinnar í ár eru í ákveðnum tilvikum bornar saman við niðurstöður fyrri spurningakannanna Vörðu um stöðu launafólks sem birtar voru árin 2022 og 2023 (Varða – Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins, 2022, 2023). Gögnin frá 2022 og 2023 eru endurvigtuð út frá vigtuðum fjölda svarenda í könnuninni 2024. Vegin útgáfa af eldri gögnunum er samsett á sama hátt og vegin útgáfa af nýjstu gögnunum.

2.4 Mælingar

Andleg líðan: Við mat á andlegri líðan var notast við Patient Health Questionnaire (PHQ-9) sem er einfaldur níu spurninga sjálfsmatskvarði sem hefur verið þýddur á íslensku og rannsakaður með tilliti til réttmætis og áreiðanleika. Kvarðinn metur einkenni þunglyndis og alvarleika þess (Andri Steinþór Björnsson et al., 2018). Spurt var um hversu oft á síðustu tveimur vikum viðkomandi hefði fundið fyrir hverju einkenni fyrir sig á fjörgildum skala (0 = alls ekki, 1 = nokkra daga, 2 = meira en helmings tímans, 3 = nánast alla daga). Spurt var um eftirfarandi einkenni: 1) Lítil áhugi eða gleði við að gera hluti. 2) Verið niðurdregin/n/ð, dapur/döpur/dapurt eða vonlaus/t. 3) Átt erfitt

með að sofna eða sofa alla nóttina. 4) Þreyta og orkuleysi. 5) Lystarleysi eða ofát. 6) Liðið illa með sjálfa/n/t þig eða fundist að þér hafi mistekist eða ekki staðið þig í stykkinu gagnvart sjálfum/sjálfri/sjálfu þér eða fjölskyldu þinni. 7) Erfiðleika með einbeitingu, t.d. við að lesa blöðin eða horfa á sjónvarp. 8) Hreyft þig eða talað svo hægt að aðrir hafa tekið eftir því. Eða hið gagnstæða – verið svo eirðarlaus/t eða óróleg/ur/t að þú hreyfðir þig miklu meira en venjulega. 9) Hugsað um að það væri betra að þú værir dái/n/ð eða hugsað um að skaða þig á einhvern hátt (Agnes Agnarsdóttir et al., e.d.). Hver svarandi gat fengið 0-27 stig. Hér eru 10 eða fleiri stig metin sem slæm andleg heilsa (Kroenke & Spitzer, 2002). Þeir sem merkja ekki við neina spurningu fá brottfallsgildi. Þeir sem merkja við a.m.k. eina spurningu en svara ekki öllum spurningunum finna ekki fyrir þeim einkennum sem þeir merkja ekki við og fá gildið 0 í stað brottfallsgildis. Heilsan er því ekki verri en gögnin segja til um.

Skortur á efnislegum gæðum: Fjárhagsstaða var metin með nokkrum spurningum þar með talið spurningum sem saman mæla efnislegan skort samkvæmt skilgreiningu sem Hagstofa Evrópusambandsins og Hagstofa Íslands nota. Spurt var hvort einhver níu staðhæfinga ætti við um heimili svarenda. Staðhæfingarnar voru: 1) Vanskil á leigu, húsnæðislánnum eða öðrum lánnum vegna fjárskorts á síðastliðnum 12 mánuðum. 2) Hef ekki efni á að fara árlega í vikulangt frí með fjölskyldu. 3) Hef ekki efni á kjöti, fiski eða sambærilegri grænmetismáltíð að minnsta kosti annan hvern dag. 4) Get ekki mætt óvæntum útgjöldum. 5) Hef hvorki efni á heimasíma né farsíma. 6) Hef ekki efni á sjónvarpstæki. 7) Hef ekki efni á þvottavél. 8) Hef ekki efni á bíl. 9) Hef ekki efni á að halda húsnæði nægjanlega heitu. Samkvæmt skilgreiningu búa þau við skort sem búa á heimili sem þrír af ofantöldum þáttum eiga við um (Hagstofa Íslands, 2022d).

2.5 Marktæknipróf

Persons kí-kvaðrat próf (χ^2) var notað til að reikna út tölfræðilega marktækni. Prófið metur hvort marktækur munur er á milli mismunandi hópa í tíðnitöflum. Miðað var við 95% vikiörk, * = $p < 0,05$, ** = $p < 0,01$.

3 Niðurstöður

Fjallað er um niðurstöður könnunarinnar í sex köflum. Í kafla 3.1. er greint frá stöðu á vinnumarkaði. Kafla 3.2 fjallar um fjárhagsstöðu launafólks. Kafla 3.3. um stöðu launafólks á húsnæðismarkaði. Kafla 3.4. um líkamlega og andlega heilsu. Kafla 3.5 um stöðu innflytjenda og kafla 3.6 um mismunun á íslenskum vinnumarkaði.

Í upphafi er greint frá lýðfræðilegri samsetningu og í kjölfarið frá stöðu á vinnumarkaði meðal annars starfshlutfalli og starfsgreinum. Í öðrum undirkafla er fjallað ítarlega um fjárhagsstöðu launafólks og eru niðurstöðurnar greindar eftir kyni, fjölskyldustöðu og uppruna. Í þriðja undirkafla er greint frá stöðu launafólks á húsnæðismarkaði þar sem niðurstöður eru brotnar niður eftir kyni, fjölskyldustöðu, uppruna og aldri. Sérstaklega er fjallað um stöðu þeirra sem eru á leigumarkaði. Í fjórða undirkafla er greint frá líkamlegu og andlegu heilsufari og niðurstöðurnar greindar eftir kyni, fjölskyldustöðu, uppruna og aldri. Í fimmta undirkafla er fjallað ítarlega um stöðu innflytjenda á íslenskum vinnumarkaði. Menntun og tækifærum til að fá menntun sína metna á Íslandi, greint er frá hlutfalli þeirra sem hafa sótt íslenskunám og hvernig svarendur meta íslenskukunnáttu sína. Varða hefur verið meðvituð um að reyna afla upplýsinga um hópa sem líklegri eru til þess að verða fyrir misskiptingu/mismunun í samfélaginu. Í því ljósi var bætt við bakgrunnsspurningum er varða kynhneigð, kynvitund, húðlit og skerta starfsgetu í fyrsta sinn í könnuninni árið 2023. Í sjötta og síðasta undirkaflanum er greint frá mismunun á íslenskum vinnumarkaði og eru niðurstöðurnar brotnar niður eftir kyni, uppruna, aldri og húðlit.

Í ákveðnum tilfellum eru niðurstöðurnar bornar saman við niðurstöður fyrri spurningakannanna Vörðu um stöðu launafólks innan aðildarfélaganna ASÍ og BSRB sem birtar voru árin 2022 og 2023 (Varða – rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins, 2022, 2023) og er aðferð þess líst í öðrum kafla (2.3. Vigtun gagna).

Tafla 3 sýnir lýðfræðilega samsetningu félagsfólks í aðildarfélögum ASÍ og BSRB. Ríflega helmingur félagsfólks eru karlar (55,4%), tæplega helmingur konur (44,6%). Einungis 0,2% svarenda eru kvár. Sökum þess hve fáir svarendur eru kvár eru þau flokkuð með konum eins og lýst er í öðrum kafla (2.3. Vigtun gagna). Flestir svarendur eru á aldrinum 31-40 ára eða 24,3%, þá á aldursbilinu 30 ára og yngri (22,9%) og 41-50 ára (20,4%) . Tæplega fimmtungur er á aldrinum 51-60 ára (18%) og lægra hlutfall 61 árs og eldri (14,4%). Þegar litið er til uppruna sést að 66,3% svarenda eru innfædd, 29,8% eru innflytjendur og 3,9% með erlendan bakgrunn (sjá

skilgreiningu í viðauka I). Sömuleiðis er mikill meirihluti svarenda (95,2%) með hvítan húðlit en mun lægra hlutfall með annan húðlit en hvítan (4,8%). Meirihluti svarenda eru gagnkynhneigð (92,7%) en mun lægra hlutfall eru samkynhneigð (3,6%) eða tví-, pan- eða eikynhneigð (3,7%). Lang flest eru síð kynja (99,1%) og innan við eitt prósent eru trans (0,5%). Innan við einn af hverjum tíu félögum eru með skerta starfsgetu/fötlun (8,5%). Stærstur hluti svarenda er í sambúð eða 63,2%. Af þeim eru 31,9% með börn. 26,8% eru einhleyp og 10,1% einhleypir foreldrar (sjá skilgreiningu í viðauka I). Flestir svarendur eru með framhaldsskólapróf eða sveinspróf (27,7%) og ríflega fjórðungur eru með grunnnám á háskólastigi eða framhaldsnám á háskólastigi (25,1%). Tæplega fimmtungur eru með menntun á grunnskólastigi (18,4%) og ríflega einn af hverjum tíu með starfstengt nám á framhaldsskólastigi (12,4%). Lægra hlutfall eru með iðnmeistarapróf (5,9%) og diplómapróf (7%). Meira en helmingur svarenda er búsettur á höfuðborgarsvæðinu (59,4%), 9,5% á Suðurlandi, 8,3% á Norðurlandi eystra, 6,7% á Suðurnesjum, 5,6% á Austurlandi, 5,1% á Vesturlandi, 2,7% á Vestfjörðum og 1,8% á Norðurlandi vestra. 0,2% svarenda eru Grindvíkingar en búsett annars staðar vegna aðstæðna og 0,4% eru búsett erlendis.

Tafla 3. Lýðfræðileg samsetning eftir kyni.

	Konur og kvár	Karlar	Samtals	<i>N</i>	<i>P</i> -gildi
<i>Kyn</i>	44,6%	55,4%	100%	20.989	
<i>Aldur</i>					
30 ára og yngri	24,3%	21,8%	22,9%	20.933	0,000**
31 – 40 ára	23,0%	25,4%	24,3%		
41 – 50 ára	20,1%	20,7%	20,4%		
51 – 60 ára	18,8%	17,3%	18,0%		
61 árs og eldri	13,8%	14,8%	14,4%		
<i>Uppruni</i>					
Innfæddir	65,3%	67,1%	66,3%	19.404	0,000**
Innflytjendur	30,6%	29,2%	29,8%		
Með erlendan bakgrunn	4,1%	3,7%	3,9%		
<i>Húðlitur</i>					
Hvítur	95,0%	95,3%	95,2%	17.791	0,000**
Annar húðlitur en hvítur	5,0%	4,7%	4,8%		
<i>Kynhneigð</i>					
Gagnkynhneigð	91,7%	93,5%	92,7%	17.279	0,000**
Samkynhneigð	3,1%	3,9%	3,6%		
Annað (s.s. tví-, pan- eða eikynhneigð)	5,2%	2,6%	3,7%		
<i>Kynvitund</i>					
Sís	99,0%	99,2%	99,1%	17.782	0,000**
Trans	0,6%	0,4%	0,5%		
Veit ekki	0,4%	0,4%	0,4%		
<i>Fötlun eða takmörkuð/skert starfsorka</i>					
Já	9,0%	8,1%	8,5%	17.567	0,000**
Nei	91,0%	91,9%	91,5%		
<i>Fjölskyldustaða</i>					
Í sambúð með barn/börn	30,0%	33,4%	31,9%	20.189	0,000**
Í sambúð	31,0%	31,4%	31,3%		
Einhleypir foreldrar	12,3%	8,3%	10,1%		
Einhleyp	26,6%	26,9%	26,8%		
<i>Menntun</i>					
Grunnskólanám eða sambærilegt	17,1%	19,4%	18,4%	20.308	0,000**
Starfstengt nám á framhaldsskólastigi	14,4%	10,9%	12,4%		
Framhaldsskólapróf eða sveinspróf	24,9%	29,9%	27,7%		
Iðnmeistarapróf	2,3%	8,8%	5,9%		
Diplómapróf	7,3%	6,8%	7,0%		
Grunnnám á háskólastigi (BA, BSc, BEd)	18,3%	13,1%	15,4%		
Framhaldsnám á háskólastigi (MA, MSc, PhD)	12,3%	7,5%	9,7%		
Annað	3,4%	3,6%	3,5%		
<i>Búseta</i>					
Austurlandi	4,9%	6,1%	5,6%	20.825	0,000**
Höfuðborgarsvæðinu	59,8%	59,1%	59,4%		
Norðurlandi eystra	8,7%	7,9%	8,3%		
Norðurlandi vestra	1,8%	1,7%	1,8%		
Suðurlandi	9,7%	9,4%	9,5%		
Suðurnesjum	6,2%	7,0%	6,7%		
Vestfjörðum	3,0%	2,4%	2,7%		
Vesturlandi	4,7%	5,4%	5,1%		
Í Grindavík en búsett/ur annars staðar vegna aðstæðna	0,2%	0,1%	0,2%		
Erlendis	0,5%	0,3%	0,4%		
Annað	0,5%	0,5%	0,5%		

3.1 Staða á vinnumarkaði

Tafla 4 sýnir stöðu á vinnumarkaði eftir kyni. Mikill meirihluti svarenda eru í launuðu starfi (82,7%). 6,1% eru í námi og vinnu, 2,8% á eftirlaunum, 2,2% sjálfstætt starfandi eða atvinnurekendur, 1,7% í veikindaleyfi á launum, 1,5% í fæðingarorlofi eða tímabundnu leyfi frá störfum, 1,4% í atvinnuleit, 0,8% á örorkulífeyri, sjúkradagpeningum eða endurhæfingarlífeyri og 0,4% í námi og ekki í vinnu. Þegar litið er til stöðu karla og kvenna á vinnumarkaði sést að hærra hlutfall karla eru í launuðu starfi (85,3% á móti 79,5%), sjálfstætt starfandi (2,5% á móti 2%) og á eftirlaunum (3,2% á móti 2,3%). Hins vegar er hærra hlutfall kvenna í námi og vinnu (8% á móti 4,6%), í veikindaleyfi á launum (2,4% á móti 1,1%), í námi og ekki í vinnu (0,5% á móti 0,3%), á örorkulífeyri, sjúkradagpeningum eða endurhæfingarlífeyri (1% á móti 0,6%), í fæðingarorlofi eða tímabundnu leyfi frá störfum (2,5% á móti 0,6%) og í atvinnuleit (1,5% á móti 1,4%).

Meirihluti svarenda starfa hjá einkareknu fyrirtæki (65,5%) en ríflega einn af hverjum tíu hjá sveitarfélagi (13,3%) og lítið lægra hlutfall hjá ríki (10,1%). Lægra hlutfall starfar hjá sjálfseignarstofnun eða félagasamtökum (3,8%) og opinberu hlutafélagi í meirihlutaeigu ríkis eða sveitarfélags (3,7%). Mun hærra hlutfall karla en kvenna starfa hjá einkareknu fyrirtæki (73,7% á móti 55,4%) og lítið hærra hlutfall hjá opinberu hlutafélagi í meirihlutaeigu ríkis eða sveitarfélags (4,1% á móti 3,2%). Hins vegar er hærra hlutfall kvenna en karla sem starfa hjá sveitarfélagi (18,6% á móti 9%), ríki (13,4% á móti 7,3%) og sjálfseignarstofnun eða félagasamtökum (4,6% á móti 3,1%).

Þegar litið er til starfshlutfall sést að mikill meirihluti launafólks er í fullu starfi (76,5%). Tæplega einn af hverjum tíu eru í 75%-99% starfshlutfalli (9,4%) en lægra hlutfall eru í 50%-74% (6,8%) og 1%-49% starfshlutfalli (5,9%). Mun hærra hlutfall karla en kvenna eru í fullu starfshlutfalli (86,6% á móti 64,3%). Hærra hlutfall kvenna en karla eru í 75%-99% (15,7% á móti 4,2%), 50%-74% (10,5% á móti 3,8%) og 1%-49% starfshlutfalli (8,1% á móti 4,1%).

Tafla 4. Staða á vinnumarkaði eftir kyni.

	Konur og kvár	Karlar	Samtals	<i>N</i>	<i>P</i> -gildi
<i>Staða á vinnumarkaði</i>					
Í launuðu starfi	79,5%	85,3%	82,7%	18.185	0,000**
Í veikindaleyfi á launum	2,4%	1,1%	1,7%		
Sjálfstætt starfandi /Atvinnurekandi	2,0%	2,5%	2,2%		
Á eftirlaunum	2,3%	3,2%	2,8%		
Í námi og ekki í vinnu	0,5%	0,3%	0,4%		
Í námi og vinnu	8,0%	4,6%	6,1%		
Atvinnuleitandi	1,5%	1,4%	1,4%		
Á örorkulífeyri, sjúkradagpeningum eða endurhæfingarlífeyri	1,0%	0,6%	0,8%		
Í fæðingarorlofi eða tímabundnu leyfi frá störfum	2,5%	0,6%	1,5%		
Annað	0,3%	0,3%	0,3%		
<i>Starfsvettvangur</i>					
Hjá einkareknu fyrirtæki	55,4%	73,7%	65,5%	17.197	0,000**
Hjá ríki	13,4%	7,3%	10,1%		
Hjá sveitarfélagi	18,6%	9,0%	13,3%		
Hjá opinberu hlutafélagi í meirihlutaeigu ríkis eða sveitarfélags	3,2%	4,1%	3,7%		
Hjá sjálfseignarstofnun eða félagasamtökum	4,6%	3,1%	3,8%		
Vil ekki svara	4,7%	2,9%	3,7%		
<i>Starfshlutfall</i>					
1%–49%	8,1%	4,1%	5,9%	17.191	0,000**
50%–74%	10,5%	3,8%	6,8%		
75%–99%	15,7%	4,2%	9,4%		
100%	64,3%	86,6%	76,5%		
Vil ekki svara	1,4%	1,3%	1,3%		

Tafla 5 sýnir kynskiptingu starfsgreina. Talsvert herra hlutfall kvenna en karla starfa við heilbrigðisþjónustu (15% á móti 4,4%), fræðslu-, uppeldis-, kennslu og tómstundastarf (14,8% á móti 4,5%), ræstingar (6,2% á móti 1,7%) og stjórnsýslu, fjármálaþjónustu, upplýsingatækni og almenn skrifstofustörf (24,2% á móti 14,3%). Lítið herra hlutfall kvenna en karla starfa í mótuneytum og á veitingahúsum (6,6% á móti 4,4%), í ferðaþjónustu og farþegaflutningum (8,4% á móti 7,6%) og í menningu og skapandi greinum (1,7% á móti 1,5%). Talsvert herra hlutfall karla en kvenna starfa við afgreiðslu, þjónustu og útkeyrslu á vörum (19,4% á móti 12%), byggingastarfsemi og mannvirkjagerð (13,4% á móti 1%), stóriðju, fráveitu, rafmagns- og hitaveitu, sorphirðu, námugróft og vinnslu hráefna um jörð (8% á móti 1,1%) og fiskveiðar (2,2% á móti 0,2%). Lítið herra hlutfall karla en kvenna starfa við fiskvinnslu (2,8% á móti 2,1%), matvælaframleiðslu (3,9% á móti 2,6%), framleiðslu (5,6% á móti 2,2%), almannaoyrggi og dómsmál (2,6% á móti 0,9%) og umsjón með fasteignum, baðstöðum og mannvirkjum (3,5% á móti 1%).

Tafla 5. Starfsgreinar eftir kyni.

	Konur og kvár	Karlar	Öll	<i>P</i> -gildi
Heilbrigðisþjónusta	15,0%	4,4%	9,2%	0,000**
Fræðslu-, uppeldis, kennslu og tómstundastarf	14,8%	4,5%	9,1%	<i>N</i> = 17.173
Afgreiðsla, þjónusta og útkeyrsla á vörum	12,0%	19,4%	16,1%	
Ræstingar	6,2%	1,7%	3,7%	
Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð	1,0%	13,4%	7,8%	
Fiskvinnsla	2,1%	2,8%	2,4%	
Fiskveiðar	0,2%	2,2%	1,3%	
Matvælaframleiðsla	2,6%	3,9%	3,3%	
Framleiðsla	2,2%	5,6%	4,0%	
Mötuneyti og veitingahús	6,6%	4,4%	5,4%	
Ferðaþjónusta og farþegaflutningar	8,4%	7,6%	8,0%	
Stjórnsýsla, fjármálaþjónusta, upplýsingatækni og almenn skrifstofustörf	24,2%	14,3%	18,8%	
Almannaöryggi og dómsmál	0,9%	2,6%	1,8%	
Umsjón með fasteignum, baðstöðum og mannvirkjum	1,0%	3,5%	2,3%	
Menning- og skapandi greinar	1,7%	1,5%	1,6%	
Stóriðja, fráveita, rafmagns- og hitaveita, sorphirða, námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu	1,1%	8,0%	4,9%	
Annað	0,1%	0,1%	0,1%	

Tafla 6 sýnir aldursskiptingu innan starfsgreina. Þegar litið er til þeirra sem eru 30 ára og yngri sést að hæst er hlutfall þeirra sem starfa við afgreiðslu, þjónustu og útkeyrslu á vörum (20%), fræðslu-, uppeldis-, kennslu- og tómstundastarf (12%), heilbrigðisþjónustu (11,1%) og stjórnsýslu, fjármálaþjónustu, upplýsingatækni og almenn skrifstofustörf (9,2%). Í aldurshópnum 31-40 er lítið lægra hlutfall sem starfar við afgreiðslu, þjónustu og útkeyrslu á vörum (15,5%), en hærra hlutfall samanborið við 30 ára og yngri sem starfar við stjórnsýslu, fjármálaþjónustu, upplýsingatækni og almenn skrifstofustörf (15%), þá eru hlutfallslega flestir sem starfa við ferðaþjónustu á aldrinum 31-40 ára (9,9%). Í aldurshópnum 41-50 ára er hæst hlutfallið sem starfar við stjórnsýslu, fjármálaþjónustu, upplýsingatækni og almenn skrifstofustörf (21,8%), þá við afgreiðslu, þjónustu og útkeyrslu á vörum (15,1%) en nokkuð lægra hlutfall í öðrum starfsgreinum. Meðal 51-60 ára og 61 árs og eldri er hæst hlutfall sem starfar við stjórnsýslu, fjármálaþjónustu, upplýsingatækni og almenn skrifstofustörf (25,7% og 25,8%) og afgreiðslu, þjónustu og útkeyrslu á vörum (15,8% og 13,1%).

Tafla 6. Starfsgreinar eftir aldri.

	30 ára og yngri	31-40 ára	41-50 ára	51-60 ára	61 árs og eldri	<i>P</i> -gildi
Heilbrigðisþjónusta	11,1%	8,6%	8,2%	8,5%	10,0%	0,000**
Fræðslu-, uppeldis, kennslu og tómstundastarf	12,0%	9,0%	8,1%	7,8%	8,8%	<i>N</i> = 17.142
Afgreiðsla, þjónusta og útkeyrsla á vörum	20,0%	15,5%	15,1%	15,8%	13,1%	
Ræstingar	4,6%	4,2%	4,1%	3,0%	1,7%	
Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð	8,1%	8,1%	8,8%	6,7%	7,1%	
Fiskvinnsla	2,1%	2,6%	2,5%	2,5%	2,5%	
Fiskveiðar	0,8%	1,4%	1,4%	1,4%	1,7%	
Matvælaframleiðsla	3,3%	4,1%	3,0%	3,0%	2,4%	
Framleiðsla	3,4%	4,7%	4,2%	4,3%	3,1%	
Mötuneyti og veitingahús	8,4%	6,7%	4,0%	3,7%	2,8%	
Ferðaðþjónusta og farþegaflutningar	7,3%	9,9%	7,7%	6,8%	7,6%	
Stjórnsýsla, fjármálaþjónusta, upplýsingatekni og almenn skrifstofustörf	9,2%	15,0%	21,8%	25,7%	25,8%	
Almannaöryggi og dómsmál	1,9%	1,6%	1,8%	2,0%	1,9%	
Umsjón með fasteignum, baðstöðum og mannvirkjum	1,8%	1,6%	1,3%	3,0%	5,4%	
Menning- og skapandi greinar	1,4%	2,1%	1,8%	1,1%	1,2%	
Stóriðja, fráveita, rafmagns- og hitaveita, sorphirða, námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu	4,3%	4,8%	6,0%	4,7%	4,5%	
Annað	0,3%	0,1%	0,1%	0,1%	0,2%	

3.2 Fjárhagsstaða

Fjárhagsstaða launafólks á vinnumarkaði var metin í könnuninni út frá ýmsum spurningum. Spurt var hversu auðvelt eða erfitt væri að ná endum saman, hvort svarendur gætu mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar, hvort þeir hafi fengið fjárhagsaðstoð, byggju við efnislegan skort, hvort þeir væru með yfirdrátt, smálán eða bílalan og hvort fjárhagsstaða þeirra væri betri eða verri nú en fyrir ári síðan.

Í lífskjararannókn Hagstofu Íslands má finna mælingar á skorti á efnislegum gæðum (Hagstofa Íslands, 2022d), hversu auðvelt eða erfitt fólk á með að ná endum saman, hvort það geti mætt 180.000 kr. óvæntum útgjöldum (Hagstofa Íslands, 2022a) og einnig hvort fólk hafi fengið fjárhagsaðstoð frá sveitafélagi (Hagstofa Íslands, 2020). Þessar mælingar svipar að mörgu leyti til þeirra mælinga sem Varða notar í könnuninni.

Samkvæmt niðurstöðum Hagstofunnar bjó 4,2% landsmanna við skort á efnislegum gæðum árið 2021. Þegar staðan er skoðuð með tilliti til stöðu fólks á húsnæðismarkaði, má sjá að 2,4% þeirra sem búa í eigin húsnæði á móti 10,9% þeirra sem búa í leiguhúsnæði bjuggu árið 2021 við skort á efnislegum gæðum (Hagstofa Íslands, 2022d). Eins voru árið 2021 um 24% landsmanna sem erfitt áttu með að ná endum saman en hlutfallið er mun hærra hjá einhleypum foreldrum eða 51,5% (Hagstofa Íslands, 2022a). Hlutfall þeirra sem ekki gat mætti 180.000 kr. óvæntum útgjöldum var 22,5% árið 2021, en það hlutfall var einnig mun hærra meðal einhleypra foreldra eða 41,1%.

Samkvæmt niðurstöðum Hagstofunnar bjó 12,8% heimila við íþyngjandi byrði af húsnæðiskostnaði árið 2021. Það hlutfall er þó mun hærra meðal leigjenda eða 27% (Hagstofa Íslands, 2022b).

3.2.1 Ná endum saman

Niðurstöður um hversu auðvelt eða erfitt launafólk innan ASÍ og BSRB á með að ná endum saman eftir kyni og fjölskyldustöðu eru birtar í töflu 7. Taflan sýnir að tæplega fjórir af hverjum tíu eiga nokkuð erfitt, erfitt eða mjög erfitt með að ná endum saman og er hlutfallið hærra meðal kvenna en karla (40,8% á móti 38,4%). Að sama skapi er hærra hlutfall karla en kvenna sem eiga mjög auðvelt (11% á móti 7,9%) og auðvelt (15,1% á móti 13,9%) með að ná endum saman.

Þegar litið er til fjölskyldustöðu kemur í ljós að hlutfallslega fleiri einhleypar mæður og feður eiga mjög erfitt (15,2% og 7,7%) og erfitt (13,9% og 15,2%) með að ná endum saman

samanborið við launafólk í annarskonar sambúðarformi. Hlutfall einhleypra mæðra sem á mjög erfitt, erfitt eða nokkuð erfitt með að ná endum saman er 63% og hlutfallið meðal einhleypra feðra er 53,3%. Þá eiga 43,5% einhleypra kvenna og 37,9% einhleypra karla mjög erfitt, erfitt eða nokkuð erfitt með að ná endum saman. Sama á við um 46,6% kvenna og 46,3% karla í sambúð með börn.

Tafla 7. Auðvelt eða erfitt að ná endum saman eftir kyni og fjölskyldustöðu.

	Í sambúð með barn/börn	Í sambúð	Einhleypir foreldrar	Einhleypir	Samtals	P-gildi
<i>Konur og kvár</i>						
Mjög auðvelt	5,9%	12,0%	4,8%	6,5%	7,9%	0,000** N = 8.279
Auðvelt	11,5%	19,2%	7,0%	13,2%	13,9%	
Nokkuð auðvelt	33,6%	41,0%	22,4%	34,8%	35,0%	
Nokkur erfitt	31,3%	18,6%	33,9%	26,2%	26,2%	
Erfitt	10,1%	4,1%	13,9%	10,1%	8,6%	
Mjög erfitt	5,2%	2,4%	15,2%	7,2%	6,0%	
Vil ekki svara	2,3%	2,7%	2,8%	2,0%	2,4%	
<i>Karlar</i>						
Mjög auðvelt	8,0%	14,4%	7,7%	11,6%	11,0%	0,000** N = 10.190
Auðvelt	12,3%	18,7%	12,0%	15,3%	15,1%	
Nokkuð auðvelt	31,5%	38,1%	23,7%	31,3%	33,0%	
Nokkur erfitt	30,0%	18,8%	30,4%	22,3%	24,4%	
Erfitt	10,9%	5,7%	15,2%	9,6%	9,2%	
Mjög erfitt	5,4%	2,6%	7,7%	6,0%	4,8%	
Vil ekki svara	1,8%	1,8%	3,4%	3,9%	2,5%	
<i>Öll</i>						
Mjög auðvelt	7,1%	13,3%	6,1%	9,3%	9,6%	0,000** N = 18.469
Auðvelt	12,0%	18,9%	9,2%	14,4%	14,6%	
Nokkuð auðvelt	32,4%	39,4%	23,0%	32,9%	33,9%	
Nokkur erfitt	30,5%	18,7%	32,3%	24,0%	25,2%	
Erfitt	10,6%	5,0%	14,5%	9,8%	8,9%	
Mjög erfitt	5,3%	2,5%	11,8%	6,6%	5,4%	
Vil ekki svara	2,0%	2,2%	3,1%	3,1%	2,4%	

Niðurstöður spurningarinnar um hversu erfitt eða auðvelt er að láta enda ná saman eftir uppruna og kyni eru birtar í töflu 8. Meirihluti innfæddra á mjög auðvelt, auðvelt eða nokkuð auðvelt með að ná endum saman eða 62,7% en hlutfallið er 44,6% meðal innflytjenda. Að sama skapi er hlutfall innflytjenda sem eiga nokkuð erfitt, erfitt eða mjög erfitt með að ná endum saman mun hærra en meðal innfæddra eða 49,5% á móti 36%.

Hlutfall innflytjendakvenna og kvenna með erlendan bakgrunn sem eiga nokkuð erfitt, erfitt eða mjög erfitt með að ná endum saman er hærra en meðal innfæddra kvenna (50,6% og 41,3% á móti 37,2%). Svipaða stöðu má sjá meðal innflytjendakarla og karla með erlendan bakgrunn þegar staða þeirra er borin saman við stöðu innfæddra karla (48,5% og 38,6% á móti 35,1%).

Tafla 8. Auðvelt eða erfitt að ná endum saman eftir kyni og uppruna.

	Innfæddir	Innflytjendur	Með erlendan bakgrunn	Samtals	P-gildi
<i>Konur og kvár</i>					
Mjög auðvelt	9,5%	4,3%	4,3%	7,8%	0,000** N = 8.376
Auðvelt	15,0%	10,7%	15,4%	13,8%	
Nokkuð auðvelt	36,9%	29,1%	36,9%	34,7%	
Nokkur erfitt	24,6%	30,4%	23,6%	26,2%	
Erfitt	7,1%	12,8%	9,8%	8,8%	
Mjög erfitt	5,5%	7,4%	7,9%	6,1%	
Vil ekki svara	1,4%	5,3%	2,2%	2,6%	
<i>Karlar</i>					
Mjög auðvelt	12,5%	6,4%	12,7%	10,9%	0,000** N = 10.283
Auðvelt	16,0%	12,0%	15,9%	14,9%	
Tafla 29 sýnir að fjórðungur launafólks átti mjög auðvelt eða auðvelt með að ná endum saman árið 2024 (24,7%) og er það hærra hlutfall en árið 2023 þegar það var fimmtungur (20,6%) en lægra en árið 2022 þegar 31,1% áttu mjög auðvelt eða auðvelt með að ná endum saman. Sambærilegt hlutfall launafólks á nokkuð auðvelt með að ná endum saman árið 2023 og 2024 (34,7% og 34,5%) en hlutfallið er lægra en árið 2022 (36,8%) og lítið lægra hlutfall á nokkuð erfitt, erfitt eða mjög erfitt með að ná endum saman 2024 samanborið við 2023 (40,9% á móti 44,7%).

Tafla 29. Auðvelt eða erfitt að ná endum saman. Samanburður milli ára.

	2022	2023	2024
Mjög auðvelt	14,0%	8,8%	9,8%
Auðvelt	17,1%	11,8%	14,9%
Nokkuð auðvelt	36,8%	34,7%	34,5%
Nokkur erfitt	22,5%	25,6%	26,0%
Erfitt	6,3%	12,0%	9,3%
Mjög erfitt	3,2%	7,1%	5,6%

Tafla 30 sýnir að lítið hærra hlutfall launafólks gat ekki mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar árið 2024 samanborið við árið 2023 (38% á móti 37,9%).

Tafla 30. Geta mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar. Samanburður milli ára.

	2022	2023	2024
Já	54,3%	51,9%	52,1%
Nei	35,4%	37,9%	38,0%
Veit ekki	10,2%	10,2%	9,9%

Tafla 31 sýnir að lægra hlutfall launafólks í könnuninni í ár metur fjárhagsstöðu sína mun betri en fyrir ári síðan samanborið við árið 2022 og 2023 (6% á móti 8% og 6,2%). Sama á við um þau sem telja fjárhagsstöðu sína nokkuð betri (18,4% á móti 24,4% og 20,4%). Hærra hlutfall metur

fjárhagsstöðu sína verri en fyrir ári en 26% meta stöðu sína nokkuð verri og 13,2% mun verri en fyrir ári síðan.

Tafla 31. *Fjárhagstaða betri eða verri en fyrir ári síðan. Samanburður milli ára.*

	2022	2023	2024
Mun betri	8,0%	6,2%	6,0%
Nokkuð betri	24,4%	20,4%	18,4%
Eins og fyrir ári síðan	42,8%	35,5%	36,4%
Nokkuð verri	18,9%	25,8%	26,0%
Mun verri	5,9%	12,0%	13,2%

Ef litið er til fjölda þátta sem saman mæla efnislegan skort, líkt og sjá má í töflu 32, sést að hærra hlutfall launafólks árið 2024 býr við skort á efnislegum gæðum nú en árið 2022 og 2023. 11% launafólks býr við skort á efnislegum gæðum árið 2024 en hlutfallið var 9,1% árið 2022 og 10,3% árið 2023. Að sama skapi hefur hækkað hlutfall þeirra sem búa við verulegan skort á efnislegum gæðum eða sárafátækt á umræddu þriggja ára tímabili.

Tafla 32. *Fjöldi þátta sem efnislegur skortur er á. Samanburður milli ára.*

	2022	2023	2024
Engin skortur	62,9%	58,8%	57,4%
Einn þáttur	17,3%	19,2%	19,8%
Tveir þættir	10,7%	11,7%	11,7%
Efnislegu skortur	5,5%	5,9%	6,3%
Verulegur efnislegur skortur	3,6%	4,4%	4,7%

Tafla 33 sýnir fjölda þátta sem foreldrar hafa ekki getað greitt fyrir börn sín á síðastliðnum 12 mánuðum og niðurstöðurnar birtar fyrir árin 2023 og 2024 eftir fjölskyldustöðu. Niðurstöðurnar sýna að hærra hlutfall sambúðarfólks með börn gat árið 2024 samanborið við árið 2023 ekki greitt fyrir einn (9,7% á móti 8,9%), tvo (7,3% á móti 6,8%), þrjá (6% á móti 5,1%), fjóra (3,8% á móti 3,5%), fimm (2,3% á móti 2%) og sex eða fleiri þætti (5,2% á móti 2,9%). Þegar litið er til stöðu einhleypra foreldra milli ára þá er staða þeirra nokkuð breytileg. Lægra hlutfall einhleypra foreldra gat árið 2024 samanborið við árið 2023 ekki greitt fyrir einn (10,4% á móti 13%), þrjá (7,6% á móti 8%) og fimm (4,3% á móti 4,7%) þætti. Hins vegar er hærra hlutfall árið 2024 en 2023 sem ekki gat greitt fyrir tvo (9,5% á móti 7,1%), fjóra (7% á móti 6,1%) og sex eða fleiri þætti (8,6% á móti 7,7%).

Tafla 33. Fjárskortur síðastliðna 12 mánuði komið í veg fyrir að hægt sé að greiða grunnþætti fyrir börn (samanteknir þættir). Samanburður milli ára.

	2023		2024	
	Í sambúð með barn/börn	Einhleypir foreldrar	Í sambúð með barn/börn	Einhleypir foreldrar
Engan þátt	70,7%	53,4%	65,7%	52,5%
Einn þátt	8,9%	13,0%	9,7%	10,4%
Tvo þætti	6,8%	7,1%	7,3%	9,5%
Þrjá þætti	5,1%	8,0%	6,0%	7,6%
Fjóra þætti	3,5%	6,1%	3,8%	7,0%
Fimm þætti	2,0%	4,7%	2,3%	4,3%
Sex þætti eða fleiri	2,9%	7,7%	5,2%	8,6%

3.2.10 Samantekt - fjárhagsstaða félaga

Fjárhagsstaða launafólks á Íslandi árið 2024 virðist á ýmsan hátt sambærileg stöðu þess árið 2023. Hún er hins vegar verri en árið 2022 samkvæmt öllum samanburðarmælikvörðum.

Ríflega fjögur af hverjum tíu eiga nokkuð erfitt, erfitt eða mjög erfitt með að ná endum saman árið 2024 en hlutfallið var lítið hærra árið 2023 (40,9% á móti 44,7%) en talsvert lægra 2022 (40,9% á móti 32%). Sambærilegt hlutfall launafólks getur ekki mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum nú samanborið við fyrir ári síðan (38% og 37,9%). Hins vegar er hærra hlutfall sem metur fjárhagsstöðu sína nokkuð eða mun verri samanborið við árin á undan (39,2% á móti 37,8% og 24,8%) og einnig býr hærra hlutfall launafólks við efnislegan skort (11% á móti 10,3% og 9,1%). Nokkur munur er á stöðu barnafólks milli ára í könnuninni þegar litið er til grunnþátta sem foreldrar hafa ekki getað greitt fyrir börn sín. Árið 2024 hefur ríflega þriðjungur foreldra í sambúð ekki efni á einum eða fleiri þáttum t.d. næringarríkum mat, tómstundum, fatnaði, fyrir börn sín og er það hærra hlutfall en í fyrra (34,3% á móti 29,2%).

Hlutfall þeirra sem eiga mjög erfitt, erfitt eða nokkuð erfitt með að ná endum saman er hærra meðal kvenna (40,8%), einhleypra mæðra og -feðra (63% og 53,3%) og innflytjenda (49,5%) en annarra hópa. Niðurstöður könnunarinnar sýna að rétt ríflega helmingur launafólks á Íslandi gæti mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar. Sömu hópar og nefndir voru að framan geta síður mætt svo háum óvæntum útgjöldum. Hærra hlutfall kvenna (41,4%), einhleypra mæðra og -feðra (61,5% og 53,8%), innflytjenda (42,6%) að viðbættu fólki með erlendan bakgrunn (42,1%) gæti ekki mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum.

Enn og aftur sést sama mynstur þegar litið er til þeirra hópa sem búa við mestan efnislegan skort. Konur (45,1%), einhleypar mæður og -feður (70,1% og 59,6%), innflytjendur (58,7%) og fólk með erlendan bakgrunn (49,1%) búa í meiri mæli við skort á einum eða fleiri þáttum efnislegra gæða.

Samkvæmt lífskjararannsókn Hagstofunnar bjuggu 4,2% landsmanna við efnislegan skort árið 2021 en hlutfallið var mun hærra meðal fólks í leiguhúsnæði eða 10,9% (Hagstofa Íslands, 2022d). Ef litið er til þeirra sem búa við verulegan efnislegum skort eða sárafátækt sést vel hvaða hópar standa verst fjárhagslega. Hæst er hlutfall einhleypra mæðra sem búa við verulegan efnislegan skort (12%) en það á sömuleiðis við hærra hlutfall einhleypra feðra (9%), kvenna með erlendan bakgrunn (9,3%), innflytjenda (7,3%) og einhleypra (7%) en annarra hópa.

Það skyldi engan undra að þegar greint er hvaða hópar þurfa einkum að leita fjárhagsaðstoðar í einhverju formi sést að það eru þeir hópar sem ítrekað mælast verst settir. Lang algengast er að einhleypar mæður hafi þurft að sækja einhverskonar fjárhagsaðstoð á síðastliðnum 12 mánuðum (47,2%) og sama á við um hátt hlutfall einhleypra feðra (34,5%), innflytjenda (24,7%) og fólks með erlendan bakgrunn (26,6%).

Slæm fjárhagsstaða ofangreindra hópa hefur ekki einungis áhrif á lífsskilyrði viðkomandi heldur einnig á aðstæður barna þeirra. Niðurstöður könnunarinnar sýna að sú slæma fjárhagsstaða sem einhleypar mæður og -feður og innflytjendur búa við hefur þau áhrif að þessir hópar eru langlíklegastir til að geta ekki greitt fyrir grunnþætti eins og nauðsynlegan fatnað, næringarríkan mat, tómstundir og félagslíf í tengslum við skólastarf fyrir börnin sín.

Gegnumgangandi er fjárhagsstaða kvenna verri en karla á öllum mælikvörðum sem notaðir eru til að meta fjárhagsstöðu launafólks. Sá kynjaði munur sem kemur fram í niðurstöðunum birtist einnig þegar niðurstöður eru brotnar niður eftir fjölskyldustöðu og uppruna þrátt fyrir að hann sé til dæmis mun minni milli innflytjendakvenna og innflytjendakarla samanborið við innfæddar konur og innfædda karla.

Niðurstöðurnar sýna auk þess að mun lægra hlutfall kvenna í sambúð býr við fjárhagslegt sjálfstæði en meira en helmingur þeirra gæti ekki séð fyrir sér án aðstoðar utanaðkomandi. Hlutfallið er lægra meðal karla (53,2% á móti 39%). Staða kvenna í sambúð með börn er mun verri en kvenna í sambúð. Tæplega sjö af hverjum tíu mæðrum í sambúð gætu ekki séð fyrir sér og börnum sínum án aðstoðar frá öðrum en sama á við um helming feðra í sambúð (69% á móti 50,8%).

3.2.11 Summary - Financial Standing

Financial standing of workers in Iceland in 2024 is in many ways similar to the situation in 2023. However, it is worse than in 2022 according to all comparative indicators.

Roughly four out of every ten people find it somewhat difficult, difficult, or very difficult to make ends meet in 2024, which is a little less than in 2023 (40.9% compared to 44.7%). More workers have a hard time making ends meet in 2024 than in 2022 (40.9% compared to 32%). The proportion of workers who are not able to meet an unexpected cost of 80,000 ISK is similar now as it was one year ago (38% and 37.9%). However, more people consider their financial standing somewhat or much worse compared to previous years (39.2% compared to 37.8% and 24.8%), and

more workers experience material deprivation (11% compared to 10.3% and 9.1%). There is some difference in the situation of families with children between now and last year when considering basic necessities that parents could not afford for their children. In 2024, roughly a third of cohabiting parents cannot afford one or more of the things asked about, such as nutritious meals, organised recreational activities or clothes for their children, and the proportion is higher than last year (34.3% compared to 29.2%).

The proportion of those who find it very difficult, difficult, or somewhat difficult to make ends meet is higher among women (40.8%), single mothers and fathers (63% and 53.3%), and immigrants (49.5%), compared to other groups. The survey outcomes show that only around a half of workers in Iceland could meet an unexpected cost of 80,000 ISK without going into debt. The groups of workers mentioned above are less able to meet such an unexpected cost. A higher proportion of women (41.4%), single mothers and fathers (61.5% and 53.8%), immigrants (42.6%), as well as people with a foreign background (42.1%) cannot meet an unexpected cost of 80,000 ISK.

Again, the same pattern emerges when looking at those groups experiencing the most serious material deprivation. Women (45.1%), single mothers and fathers (70.1% and 59.6%), immigrants (58.7%), and people with a foreign background (49.1%) are more likely to lack one or more basic necessities.

According to the Statistics Iceland (Hagstofa Íslands) survey on income and living conditions in Iceland, 4.2% of the population suffered material deprivation in 2021, but the proportion was much higher among tenants, or 10.9% (Statistics Iceland, 2020d). When considering those living in severe material deprivation or absolute poverty, it becomes clear which groups are worst off financially. The proportion of people who experience considerable material deprivation is highest among single mothers (12%) but is also high among single fathers (9%), women with a foreign background (9.3%), immigrants (7.3%), and single people (7%) compared to other groups.

Not surprisingly, those are the same groups that are most likely to have to seek financial support in some form. Single mothers are by far the most likely to have had to seek some form of financial support in the last 12 months (47.2%), followed by single fathers (34.5%), immigrants (24.7%), and people with a foreign background (26.6%).

The poor financial situation of the aforementioned groups affects not only the individuals themselves but also their children. The survey outcomes show that the poor financial situation of single mothers and fathers, as well as immigrants, means that these same groups are by far more likely than others to report not being able to pay for basic things such as necessary clothing, nutritious meals, organised recreational activities, and school-related social events for their children.

Women are worse off than men through all the factors used to measure the financial standing of workers. This gender difference apparent in the results also emerges when the results are broken down by family type and origin, despite being smaller between immigrant women and immigrant men compared to native women and native men, for example.

The outcomes also show that cohabiting women are much less likely to be financially independent, with over a half not being able to provide for themselves without external support. The proportion is lower among men (53.2% compared to 39%). The financial standing of women with children is much worse than of cohabiting women. A little less than seven out of every ten cohabiting women could not provide for themselves and their children without support, compared to around a half of men (69% compared to 50.8%).

3.3 Staða launafólks á húsnæðismarkaði

Í kaflanum er staða félaga innan aðildarfélaga ASÍ og BSRB á húsnæðismarkaði skoðuð. Fyrst er greint frá stöðu á húsnæðismarkaði, það er hvort félagsfólk sé í eigin húsnæði, leiguhúsnæði á almennum markaði, leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrífnum leigufélögum, búseturéttaríbúðum, húsnæði á vegum atvinnurekanda eða hjá foreldrum/ættingjum ásamt lýðfræðilegri samsetningu þeirra sem eru í eigin húsnæði og á leigumarkaði. Því næst er greint frá gerð og stærð húsnæðis, hversu vel húsnæðið hentar fjölskyldunni, hve oft launafólk hefur flutt eða skipt um húsnæði á síðastliðnum fimm árum og byrði af húsnæðiskostnaði. Niðurstöðurnar eru brotnar niður eftir fjölskyldustöðu, uppruna, aldri og stöðu fólks á húsnæðismarkaði. Að auki er sérstaklega greint frá stöðu leigjenda á húsnæðismarkaði en leigjendur voru spurðir að því hve hátt leiguverð þeir greiddu og hvort að rafmagn, hiti eða húsfélagsgjöld væru innifalin í leiguverðinu. Einnig voru leigjendur spurðir hvort þeir hefðu fengið húsnæðisbætur eða sérstakan húsnæðisstuðning frá sveitarfélagi og hvort þeir telji líklegt að þeir muni kaupa húsnæði í náninni framtíð.

3.3.1 Staða á húsnæðismarkaði

Tafla 34 sýnir stöðu launafólks á húsnæðismarkaði. Meirihluti launafólks er í eigin húsnæði (62,5%) en mun lægra hlutfall í leiguhúsnæði á almennum leigumarkaði (18,4%). Enn lægra hlutfall er í leiguhúsnæði á vegum óhagnaðardrífna leigusamtaka (3,2%), leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda (2,3%) og í búsetuíbúð hjá húsnæðissamvinnufélagi (1,8%). 7% eru búsett hjá foreldrum eða ættingjum.

Mikill munur er á stöðu á húsnæðismarkaði eftir fjölskyldustöðu. Staða einhleypra foreldra á húsnæðismarkaði er frábrugðin stöðu annarra hópa. Mun herra hlutfall þeirra eða tæplega fjórðungur eru búsett hjá foreldrum eða ættingjum (24,1%) auk þess er hátt hlutfall á almennum leigumarkaði (23,2%) og að sama skapi lágt hlutfall í eigin húsnæði (36,1%). Þá eru einhleypir foreldrar hlutfallslega flestir þeirra sem búa í leiguhúsnæði á vegum óhagnaðardrífna leigusamtaka (8,3%). Einnig er nokkur munur á stöðu einhleypra mæðra og fedra. Herra hlutfall einhleypra mæðra eru í eigin húsnæði (37,8% á móti 34,1%), í leiguhúsnæði á almennum leigumarkaði (23,7% á móti 22,6%) og í leiguhúsnæði á vegum óhagnaðardrífna leigusamtaka (9,8% á móti 6,6%). Hins vegar er herra hlutfall einhleypra fedra búsettir hjá foreldrum eða ættingjum (28,2% á móti 20,8%). Lægra hlutfall einhleypra er í eigin húsnæði miðað við launafólk almennt (37,5%). Að sama skapi eru einhleypir hlutfallslega flest þeirra sem eru á almennum

leigumarkaði (28,9%) og í leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda (4,8%). Mun herra hlutfall sambúðarfólks og sambúðarfólks með börn eru í eigin húsnæði (75,5% og 77,1%) samanborið við aðra hópa. Að sama skapi er lægra hlutfall í leiguhúsnæði á almennum markaði (13,4% og 13,5%), í búsetuíbúð hjá húsnæðissamvinnufélagi (1,9% og 1,3%), leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrífnum leigusamtökum (1,5% og 2,1%), leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda (1,7% og 1,2%) og hjá foreldum eða ættingjum (2,1% og 1,7%).

Tafla 34. Staða á húsnæðismarkaði eftir kyni og fjölskyldustöðu.

	Í sambúð með barn/börn	Í sambúð	Einhleypir foreldrar	Einhleypir	Samtals	P-gildi
<i>Konur og kvár</i>						
Eigin húsnæði	75,9%	75,1%	37,8%	41,6%	62,3%	0,000**
Leiguhúsnæði á almennum markaði	14,2%	13,6%	23,7%	26,9%	18,4%	<i>N</i> = 8.286
Búsetuíbúð hjá húsnæðissamvinnufélagi	1,2%	1,8%	1,6%	3,0%	1,9%	
Leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrífnum leigusamtökum	2,3%	1,3%	9,8%	5,2%	3,6%	
Leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda	1,0%	1,5%	1,1%	3,5%	1,8%	
Hjá foreldrum/ættingjum	1,9%	2,5%	20,8%	13,1%	7,2%	
Annað	3,5%	4,2%	5,2%	6,7%	4,8%	
<i>Karlar</i>						
Eigin húsnæði	77,9%	75,8%	34,1%	34,0%	62,6%	0,000**
Leiguhúsnæði á almennum markaði	12,9%	13,2%	22,6%	30,6%	18,3%	<i>N</i> = 10.201
Búsetuíbúð hjá húsnæðissamvinnufélagi	1,3%	2,0%	1,4%	2,3%	1,8%	
Leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrífnum leigusamtökum	2,0%	1,7%	6,6%	4,3%	2,9%	
Leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda	1,3%	1,9%	1,5%	5,9%	2,7%	
Hjá foreldrum/ættingjum	1,6%	1,7%	28,2%	13,8%	6,8%	
Annað	3,0%	3,7%	5,6%	9,1%	4,9%	
<i>Öll</i>						
Eigin húsnæði	77,1%	75,5%	36,1%	37,5%	62,5%	0,000**
Leiguhúsnæði á almennum markaði	13,5%	13,4%	23,2%	28,9%	18,4%	<i>N</i> = 18.487
Búsetuíbúð hjá húsnæðissamvinnufélagi	1,3%	1,9%	1,5%	2,6%	1,8%	
Leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrífnum leigusamtökum	2,1%	1,5%	8,3%	4,7%	3,2%	
Leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda	1,2%	1,7%	1,3%	4,8%	2,3%	
Hjá foreldrum/ættingjum	1,7%	2,1%	24,1%	13,5%	7,0%	
Annað	3,1%	3,9%	5,5%	8,0%	4,8%	

Tafla 35 sýnir stöðu á húsnæðismarkaði eftir kyni og uppruna. Mikill munur er á stöðu launafólks á húsnæðismarkaði eftir uppruna. Lang hæst er hlutfall innfæddra í eigin húsnæði (75,3%), nokkuð lægra meðal fólks með erlendan bakgrunn (58,3%) en lang lægst meðal innflytjenda (28,9%). Að sama skapi eru innflytjendur í mun meira mæli á almennum leigumarkaði (42,5%) samanborið við innfædd (9,5%) og fólk með erlendan bakgrunn (14%). Hæst er hlutfall innflytjenda sem eru í leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda (7,1%). Hins vegar er hlutfall þeirra sem búsett eru hjá foreldrum eða ættingjum hæst meðal fólks með erlendan bakgrunn (13,8%).

Tafla 35. Staða á húsnæðismarkaði eftir kyni og uppruna.

	Innfæddir	Innflytjendur	Með erlendan bakgrunn	Samtals	P-gildi
<i>Konur og kvár</i>					
Eigin húsnæði	74,9%	32,2%	57,2%	62,0%	0,000**
Leiguhúsnæði á almennum markaði	9,4%	40,9%	13,9%	18,6%	N = 8.383
Búsetuíbúð hjá húsnæðissamvinnufélagi	1,6%	2,7%	2,1%	1,9%	
Leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrífnum leigusamtökum	3,1%	4,6%	5,0%	3,6%	
Leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda	0,5%	5,1%	1,5%	1,9%	
Hjá foreldrum/ættingjum	7,7%	4,2%	15,3%	7,0%	
Annað	2,8%	10,3%	5,0%	5,0%	
<i>Karlar</i>					
Eigin húsnæði	75,6%	26,0%	59,2%	62,1%	0,000**
Leiguhúsnæði á almennum markaði	9,6%	43,9%	14,0%	18,7%	N = 10.292
Búsetuíbúð hjá húsnæðissamvinnufélagi	1,5%	2,3%	2,2%	1,7%	
Leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrífnum leigusamtökum	2,2%	4,6%	5,0%	2,9%	
Leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda	0,6%	8,8%	1,8%	2,8%	
Hjá foreldrum/ættingjum	7,5%	3,2%	12,5%	6,6%	
Annað	3,0%	11,2%	5,3%	5,2%	
<i>Öll</i>					
Eigin húsnæði	75,3%	28,9%	58,3%	62,1%	0,000**
Leiguhúsnæði á almennum markaði	9,5%	42,5%	14,0%	18,6%	N = 18.675
Búsetuíbúð hjá húsnæðissamvinnufélagi	1,6%	2,5%	2,1%	1,8%	
Leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrífnum leigusamtökum	2,6%	4,6%	5,0%	3,2%	
Leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda	0,6%	7,1%	1,7%	2,4%	
Hjá foreldrum/ættingjum	7,6%	3,7%	13,8%	6,8%	
Annað	2,8%	10,7%	5,1%	5,1%	

Tafla 36 sýnir stöðu á húsnæðismarkaði eftir kyni og aldri. Taflan sýnir að lang lægst er hlutfall aldurshópsins 30 ára og yngri (29,9%) í eigin húsnæði. Ríflega helmingur (53,6%) félagsfólks á aldrinum 31-40 ára er í eigin húsnæði og sama á við um 69,3% í aldurshópnum 41-50 ára, 79,7% meðal þeirra sem eru á aldrinum 51-60 ára og 86,5% þeirra sem eru 61 árs og eldri. Að sama skapi er hæst hlutfall í yngri aldurshópnum á almennum leigumarkaði bæði meðal 30 ára og yngri (27,6%) og 31-40 ára (27,1%). Hlutfallið lækkar talsvert hjá aldurshópnum 41-50 ára (16,5%) og er enn lægra hjá 51-60 ára (10%) og 61 árs og eldri (5,2%).

Tafla 36. Staða á húsnæðismarkaði eftir kyni og aldri.

	30 ára og yngri	31-40 ára	41-50 ára	51-60 ára	61 árs og eldri	Samtals	P-gildi
<i>Konur og kvár</i>							
Eigin húsnæði	28,4%	54,6%	70,9%	80,4%	87,1%	61,8%	0,000**
Leiguhúsnæði á almennum markaði	29,2%	27,6%	16,2%	8,4%	4,5%	18,5%	N = 8.537
Búsetuíbúð hjá húsnæðissamvinnufélagi	1,7%	1,8%	1,3%	2,3%	2,7%	1,9%	
Leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrifnum leigusamtökum	4,7%	3,8%	4,3%	3,2%	1,2%	3,6%	
Leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda	3,2%	2,7%	0,9%	1,1%	0,7%	1,8%	
Hjá foreldrum/ættingjum	24,8%	3,9%	2,2%	1,0%	0,5%	7,2%	
Annað	8,0%	5,6%	4,2%	3,6%	3,3%	5,2%	
<i>Karlar</i>							
Eigin húsnæði	31,3%	52,7%	68,1%	79,1%	86,1%	61,9%	0,000**
Leiguhúsnæði á almennum markaði	26,2%	26,8%	16,8%	11,4%	5,7%	18,4%	N = 10.511
Búsetuíbúð hjá húsnæðissamvinnufélagi	1,6%	1,5%	1,3%	2,0%	2,8%	1,8%	
Leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrifnum leigusamtökum	4,0%	3,8%	3,0%	1,8%	1,3%	2,9%	
Leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda	3,5%	4,3%	3,4%	1,2%	0,4%	2,8%	
Hjá foreldrum/ættingjum	26,2%	4,3%	1,7%	0,8%	0,6%	6,8%	
Annað	7,2%	6,6%	5,7%	3,7%	3,1%	5,4%	
<i>Öll</i>							
Eigin húsnæði	29,9%	53,6%	69,3%	79,7%	86,5%	61,8%	0,000**
Leiguhúsnæði á almennum markaði	27,6%	27,1%	16,5%	10,0%	5,2%	18,5%	N = 19.048
Búsetuíbúð hjá húsnæðissamvinnufélagi	1,7%	1,7%	1,3%	2,1%	2,7%	1,8%	
Leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrifnum leigusamtökum	4,3%	3,8%	3,6%	2,5%	1,2%	3,2%	
Leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda	3,4%	3,6%	2,3%	1,1%	0,5%	2,4%	
Hjá foreldrum/ættingjum	25,5%	4,1%	1,9%	0,9%	0,5%	7,0%	
Annað	7,6%	6,1%	5,1%	3,7%	3,4%	5,3%	

Tafla 37 sýnir lýðfræðilega samsetningu eftir stöðu á húsnæðismarkaði. Tæplega helmingur þeirra sem eru í eigin húsnæði eru konur og ríflega helmingur eru karlar (44,8% og 55,2%). Þegar litið er til aldurssamsetningar þeirra sem eru í eigin húsnæði sést að lægst er hlutfallið í yngsta aldurshópnum 30 ára og yngri (10,1%), ríflega fimmtungur eru á aldrinum 31-40 ára (21,1%) og tæplega fjórðungur 41-50 ára (23,4%) og 51-60 ára (24,2%) og fimmtungur 61 árs og eldri (21,3%). Mikill meirihluti þeirra sem eru í eigin húsnæði eru innfædd (83,6%) en einungis 12,6% innflytjendur og 3,8% eru með erlendan bakgrunn. Mikill meirihluti þeirra sem eru í eigin húsnæði eru í sambúð eða tæplega átta af hverjum tíu (79%) og af þeim eru 40,2% með börn. 5,5% eru einhleypir foreldrar og 15,5% eru einhleyp.

Þegar lýðfræðileg samsetning þeirra sem eru á leigumarkaði er skoðuð sést að kynjahlutföllin eru sambærileg og meðal þeirra sem eru í eigin húsnæði þar sem tæplega helmingur leigjenda eru konur og ríflega helmingur karlar (44,8% og 55,2%). Aldurssamsetning þeirra sem eru á leigumarkaði er ólík þeim sem eru í eigin húsnæði þar sem mun hærra hlutfall eru 40 ára og yngri eða meira en helmingur (63,8%). Af þeim eru 29,7% 30 ára og yngri og 34,1% 31-40 ára. Tæplega fimmtungur eru á aldursbilinu 41-50 ára (19,2%) en lægra hlutfall eru á aldrinum 51-60 ára (11,4%) og 61 árs og eldri (5,7%). Uppruni leigjenda er einnig mjög ólíkur uppruna þeirra sem eru í eigin húsnæði. Mun hærra hlutfall leigjenda eru innflytjendur eða ríflega helmingur (58,8%), en 37,6% eru innfædd og 3,5% eru með erlendan bakgrunn. Fjölskyldustaða þeirra sem eru á leigumarkaði er einnig mjög ólík fjölskyldustöðu þeirra sem eru í eigin húsnæði. Meira en helmingur þeirra sem eru á leigumarkaði eru einhleyp (54%) og af þeim eru 12,7% einhleypir foreldrar. 22,8% eru í sambúð með börn og 23,2% eru í sambúð.

Tafla 37. Lýðfræðileg samsetning eftir stöðu á húsnæðismarkaði.

	Eigendur	Leigjendur	Samtals	N	P-gildi
<i>Kyn</i>					
Konur og kvár	44,8%	44,8%	44,8%	16.759	0,111
Karlar	55,2%	55,2%	55,2%		
<i>Aldur</i>					
30 ára og yngri	10,1%	29,7%	15,9%	16.716	0,000**
31 – 40 ára	21,1%	34,1%	24,9%		
41 – 50 ára	23,4%	19,2%	22,2%		
51 – 60 ára	24,2%	11,4%	20,4%		
61 árs og eldri	21,3%	5,7%	16,7%		
<i>Uppruni</i>					
Innfæddir	83,6%	37,6%	70,0%	16.461	0,000**
Innflytjendur	12,6%	58,8%	26,3%		
Með erlendan bakgrunn	3,8%	3,5%	3,7%		
<i>Fjölskyldustaða</i>					
Í sambúð með barn/börn	40,2%	22,8%	35,1%	16.297	0,000**
Í sambúð	38,8%	23,2%	34,3%		
Einhleypir foreldrar	5,5%	12,7%	7,6%		
Einhleyp	15,5%	41,3%	23,0%		

3.3.2 Gerð húsnæðis

Tafla 38 sýnir gerð húsnæðis eftir kyni og fjölskyldugerð. Niðurstöðurnar sýna að þegar litið er til sambúðarfólks með börn og sambúðarfólks eru um fjórir af hverjum tíu í íbúð í fjölbýlishúsi (41,2% og 42,4%). Hlutfallið er hærra meðal einhleypra foreldra og einhleypra (55%). Hærra hlutfall sambúðarfólks með börn og sambúðarfólks búa í raðhúsi eða parhúsi (22,3% og 20,2%) og í einbýlishúsi (28,3% og 26,8%) en hlutfallið er lægra meðal einhleypra foreldra og einhleypra. Hærra hlutfall einhleypra foreldra og einhleypra eru búsett í aukaíbúð (4,4% og 6,6%). Hæst er hlutfall einhleypra sem eru búsett í bílskúr (2,4%), atvinnu- eða verslunarhúsnæði (1%) og í herbergi (9,9%) en það á þó einnig við um 3,3% einhleypra foreldra.

Tafla 38. Gerð húsnæðis eftir kyni og fjölskyldustöðu.

	Í sambúð með barn/börn	Í sambúð	Einhleypir foreldrar	Einhleypir	Samtals	<i>P</i> -gildi
<i>Konur og kvár</i>						
Íbúð í fjölbýlishúsi	41,0%	41,4%	57,5%	58,2%	47,5%	0,000**
Aukaíbúð í einbýlishúsi/parhúsi/raðhúsi	3,4%	4,4%	4,6%	6,7%	4,7%	<i>N</i> = 8.268
Raðhús/parhús	20,9%	19,7%	11,7%	9,3%	16,5%	
Einbýlishús	30,1%	27,4%	15,8%	9,9%	22,3%	
Herbergi	0,3%	1,3%	2,0%	7,1%	2,6%	
Bílskúr	0,3%	0,8%	0,6%	2,1%	1,0%	
Atvinnu- eða verslunarhúsnæði	0,2%	0,4%	0,2%	0,6%	0,4%	
Annars konar húsnæði	2,3%	3,4%	4,7%	4,5%	3,5%	
Vil ekki svara	1,6%	1,1%	2,9%	1,5%	1,6%	
<i>Karlar</i>						
Íbúð í fjölbýlishúsi	41,5%	43,2%	51,8%	52,4%	45,6%	0,000**
Aukaíbúð í einbýlishúsi/parhúsi/raðhúsi	3,7%	3,3%	4,1%	6,5%	4,3%	<i>N</i> = 10.202
Raðhús/parhús	23,3%	20,6%	12,2%	7,3%	17,5%	
Einbýlishús	27,0%	26,4%	19,5%	10,8%	22,1%	
Herbergi	0,8%	2,2%	5,0%	12,1%	4,5%	
Bílskúr	0,5%	0,8%	0,7%	2,7%	1,2%	
Atvinnu- eða verslunarhúsnæði	0,3%	0,4%	0,7%	1,3%	0,6%	
Annars konar húsnæði	1,7%	1,9%	1,5%	3,9%	2,3%	
Vil ekki svara	1,2%	1,1%	4,6%	3,0%	1,9%	
<i>Öll</i>						
Íbúð í fjölbýlishúsi	41,2%	42,4%	55,0%	55,0%	46,5%	0,000**
Aukaíbúð í einbýlishúsi/parhúsi/raðhúsi	3,6%	3,8%	4,4%	6,6%	4,5%	<i>N</i> = 18.470
Raðhús/parhús	22,3%	20,2%	11,9%	8,2%	17,0%	
Einbýlishús	28,3%	26,8%	17,5%	10,4%	22,2%	
Herbergi	0,5%	1,8%	3,3%	9,9%	3,6%	
Bílskúr	0,4%	0,8%	0,6%	2,4%	1,1%	
Atvinnu- eða verslunarhúsnæði	0,3%	0,4%	0,4%	1,0%	0,5%	
Annars konar húsnæði	2,0%	2,6%	3,3%	4,2%	2,9%	
Vil ekki svara	1,4%	1,1%	3,6%	2,3%	1,8%	

Tafla 39 sýnir gerð húsnæðis eftir kyni og uppruna. Niðurstöðurnar sýna að mikill munur er á tegund húsnæðis eftir uppruna. 93,3% innfæddra eru búsett í íbúð í fjölbýlishúsi, raðhúsi/parhúsi eða einbýlishúsi en sama á við um 64,7% innflytjenda og 85,5% fólks með erlendan bakgrunn.

Svipað hlutfall innfæddra og innflytjenda eru búsett í íbúð í fjölbýlishúsi (46,6% og 44,5%) en hlutfallið er hærra meðal fólks með erlendan bakgrunn (52,6%). Hins vegar er mun lægra hlutfall innflytjenda og nokkuð lægra hlutfall fólks með erlendan bakgrunn sem er búsett í raðhúsi eða parhúsi (7,3% og 13,8% á móti 20,9% innfæddra) og í einbýlishúsi (12,9% og 19,1% á móti 25,8% innfæddra) samanborið við innfædd. Að sama skapi er mun hærra hlutfall innflytjenda búsett í aukaíbúð í einbýlishúsi/parhúsi eða raðhúsi (8,9%), herbergi (11,2%), bílskúr (2,9%), atvinnu- eða verslunarhúsnæði (1,6%) og í annarskonar húsnæði (6,9%).

Tafla 39. Gerð húsnæðis eftir kyni og uppruna.

	Innfæddir	Innflytjendur	Með erlendan bakgrunn	Samtals	<i>P</i> -gildi
<i>Konur og kvár</i>					
Íbúð í fjölbýlishúsi	47,4%	46,6%	51,5%	47,3%	0,000**
Aukaíbúð í einbýlishúsi/parhúsi/raðhúsi	2,8%	9,6%	3,6%	4,8%	<i>N</i> = 8.366
Raðhús/parhús	20,2%	7,8%	13,8%	16,4%	
Einbýlishús	26,1%	13,1%	19,9%	22,1%	
Herbergi	0,6%	7,4%	3,3%	2,6%	
Bílskúr	0,4%	2,4%	1,1%	1,0%	
Atvinnu- eða verslunarhúsnæði	0,1%	1,2%	0,3%	0,4%	
Annars konar húsnæði	1,7%	8,0%	4,3%	3,6%	
Vil ekki svara	0,8%	3,8%	2,1%	1,7%	
<i>Karlar</i>					
Íbúð í fjölbýlishúsi	45,9%	42,5%	53,5%	45,3%	0,000**
Aukaíbúð í einbýlishúsi/parhúsi/raðhúsi	3,2%	8,3%	3,3%	4,5%	<i>N</i> = 10.288
Raðhús/parhús	21,5%	6,8%	13,8%	17,4%	
Einbýlishús	25,5%	12,7%	18,3%	21,9%	
Herbergi	1,0%	14,6%	4,4%	4,7%	
Bílskúr	0,5%	3,3%	0,7%	1,2%	
Atvinnu- eða verslunarhúsnæði	0,1%	2,0%	0,3%	0,6%	
Annars konar húsnæði	1,2%	6,0%	2,2%	2,4%	
Vil ekki svara	1,2%	3,8%	3,4%	1,9%	
<i>Öll</i>					
Íbúð í fjölbýlishúsi	46,6%	44,5%	52,6%	46,2%	0,000**
Aukaíbúð í einbýlishúsi/parhúsi/raðhúsi	3,0%	8,9%	3,4%	4,6%	<i>N</i> = 18.654
Raðhús/parhús	20,9%	7,3%	13,8%	16,9%	
Einbýlishús	25,8%	12,9%	19,1%	22,0%	
Herbergi	0,8%	11,2%	3,9%	3,8%	
Bílskúr	0,4%	2,9%	0,9%	1,1%	
Atvinnu- eða verslunarhúsnæði	0,1%	1,6%	0,3%	0,5%	
Annars konar húsnæði	1,4%	6,9%	3,2%	3,0%	
Vil ekki svara	1,0%	3,8%	2,8%	1,8%	

Tafla 40 sýnir gerð húsnæðis eftir kyni og aldri. Hæst er hlutfall fólks í yngsta aldurshópnum, 30 ára og yngri, sem er búsett í aukaíbúð (6,7%), herbergi (7,3%), bílskúr (2,1%), atvinnu- eða verslunarhúsnæði (0,8%) og í annarskonar húsnæði (4,2%). Hæst er hlutfall fólks í elstu aldurshópnum sem eru búsett í raðhúsi eða parhúsi og einbýlishúsi.

Tafla 40. Gerð húsnæðis eftir kyni og aldri.

	30 ára og yngri	31-40 ára	41-50 ára	51-60 ára	61 árs og eldri	Samtals	P-gildi
<i>Konur og kvár</i>							
Íbúð í fjölbýlishúsi	49,6%	51,5%	46,8%	41,5%	46,2%	47,4%	0,000**
Aukaíbúð í einbýlishúsi/parhúsi/raðhúsi	7,4%	6,3%	3,6%	3,0%	2,2%	4,7%	N = 8.522
Raðhús/parhús	11,8%	13,5%	18,3%	19,5%	21,1%	16,4%	
Einbýlishús	15,2%	18,2%	23,4%	30,0%	26,4%	22,1%	
Herbergi	5,9%	3,4%	1,2%	1,0%	0,3%	2,6%	
Bílskúr	2,0%	1,2%	0,6%	0,6%	0,3%	1,0%	
Atvinnu- eða verslunarhúsnæði	0,6%	0,4%	0,5%	0,1%	0,1%	0,4%	
Annars konar húsnæði	5,4%	3,7%	3,3%	2,6%	2,3%	3,6%	
Vil ekki svara	2,1%	1,8%	2,2%	1,6%	1,2%	1,8%	
<i>Karlar</i>							
Íbúð í fjölbýlishúsi	50,3%	50,0%	41,6%	40,2%	42,7%	45,3%	0,000**
Aukaíbúð í einbýlishúsi/parhúsi/raðhúsi	6,1%	6,0%	4,3%	2,5%	2,5%	4,5%	N = 10.508
Raðhús/parhús	11,6%	12,0%	20,2%	22,9%	22,3%	17,2%	
Einbýlishús	13,8%	17,7%	23,3%	28,0%	29,3%	21,8%	
Herbergi	8,7%	6,4%	4,1%	1,9%	0,8%	4,7%	
Bílskúr	2,2%	1,7%	0,9%	0,5%	0,2%	1,2%	
Atvinnu- eða verslunarhúsnæði	1,0%	0,7%	0,8%	0,4%	0,2%	0,7%	
Annars konar húsnæði	3,2%	3,5%	2,3%	1,7%	0,7%	2,4%	
Vil ekki svara	3,1%	1,9%	2,6%	2,0%	1,2%	2,2%	
<i>Öll</i>							
Íbúð í fjölbýlishúsi	49,9%	50,6%	43,8%	40,8%	44,2%	46,2%	0,000**
Aukaíbúð í einbýlishúsi/parhúsi/raðhúsi	6,7%	6,1%	4,0%	2,7%	2,4%	4,6%	N = 19.030
Raðhús/parhús	11,7%	12,6%	19,4%	21,3%	21,8%	16,9%	
Einbýlishús	14,5%	17,9%	23,4%	29,0%	28,1%	22,0%	
Herbergi	7,3%	5,1%	2,9%	1,5%	0,6%	3,7%	
Bílskúr	2,1%	1,5%	0,8%	0,5%	0,3%	1,1%	
Atvinnu- eða verslunarhúsnæði	0,8%	0,6%	0,7%	0,3%	0,2%	0,5%	
Annars konar húsnæði	4,2%	3,6%	2,7%	2,1%	1,4%	2,9%	
Vil ekki svara	2,6%	1,9%	2,4%	1,8%	1,2%	2,0%	

Tafla 41 sýnir gerð húsnæðis þeirra sem eru á leigumarkaði og í eigin húsnæði eftir kyni. Nokkur munur er á tegund húsnæðis sem launafólk er búsett í eftir því hvort það er á leigumarkaði eða húsnæðiseigendur. Hærra hlutfall leigjenda eru í íbúð í fjölbýlishúsi (55,2% á móti 45,1%), í aukaíbúð í einbýlishúsi/parhúsi eða raðhúsi (10,2% á móti 1,8%), herbergi (9,7% á móti 0,1%), bílskúr (2,9% á móti 0,1%), atvinnuhúsnæði (1,6% á móti 0,1%) eða annarskonar húsnæði (5,4% á móti 1,1%). Hins vegar er hærra hlutfall þeirra sem eru í eigin húsnæði sem eru búsett í raðhúsi eða parhúsi (22,2% á móti 6,2%) eða einbýlishúsi (28,8% á móti 6,9%) samanborið við leigjendur.

Tafla 41. Gerð húsnæðis eftir stöðu á húsnæðismarkaði.

	Eigendur	Leigjendur	Samtals	P-gildi
<i>Konur og kvár</i>				
Íbúð í fjölbýlishúsi	45,6%	57,4%	49,1%	0,000**
Aukaíbúð í einbýlishúsi/parhúsi/raðhúsi	1,9%	11,1%	4,6%	N = 7.488
Raðhús/parhús	21,2%	6,4%	16,9%	
Einbýlishús	28,9%	6,1%	22,2%	
Herbergi	0,0%	6,9%	2,1%	
Bílskúr	0,1%	2,8%	0,9%	
Atvinnu- eða verslunarhúsnæði	0,1%	1,1%	0,4%	
Annars konar húsnæði	1,5%	6,4%	3,0%	
Vil ekki svara	0,7%	1,6%	1,0%	
<i>Karlar</i>				
Íbúð í fjölbýlishúsi	44,8%	53,4%	47,3%	0,000**
Aukaíbúð í einbýlishúsi/parhúsi/raðhúsi	1,8%	9,5%	4,0%	N = 9.241
Raðhús/parhús	23,0%	6,0%	18,0%	
Einbýlishús	28,7%	7,5%	22,5%	
Herbergi	0,1%	11,9%	3,6%	
Bílskúr	0,1%	3,0%	1,0%	
Atvinnu- eða verslunarhúsnæði	0,1%	1,9%	0,6%	
Annars konar húsnæði	0,8%	4,6%	1,9%	
Vil ekki svara	0,6%	2,3%	1,1%	
<i>Öll</i>				
Íbúð í fjölbýlishúsi	45,1%	55,2%	48,1%	0,000**
Aukaíbúð í einbýlishúsi/parhúsi/raðhúsi	1,8%	10,2%	4,3%	N = 16.729
Raðhús/parhús	22,2%	6,2%	17,5%	
Einbýlishús	28,8%	6,9%	22,3%	
Herbergi	0,1%	9,7%	2,9%	
Bílskúr	0,1%	2,9%	0,9%	
Atvinnu- eða verslunarhúsnæði	0,1%	1,6%	0,5%	
Annars konar húsnæði	1,1%	5,4%	2,4%	
Vil ekki svara	0,7%	2,0%	1,1%	

3.3.3 Stærð húsnæðis

Tafla 42 sýnir stærð húsnæðis í fermetrum eftir kyni og fjölskyldugerð. Nokkur munur er á stærð húsnæðis eftir fjölskyldustöðu en hæst er hlutfall einhleypra í 79 fermetra eða minna húsnæði (56,9%) því næst einhleypra foreldra (32,4%), sambúðarfólks (22,5%) en lægst er hlutfallið hjá sambúðarfólki með börn (14,4%). Sama mynstur sést þegar litið er til þeirra sem eru í 120 fermetra húsnæði eða stærra en þá er hlutfallið hæst meðal sambúðarfólks með börn (48%), þá sambúðarfólks (41%) en mun lægra meðal einhleypra foreldra (18,2%) og einhleypra (8,8%). Þegar niðurstöðurnar eru skoðaðar eftir kyni sést að herra hlutfall einhleypra karla en kvenna eru í minna en 40 fermetra húsnæði (19,9% á móti 12,4%).

Tafla 42. Stærð húsnæðis eftir kyni og fjölskyldustöðu.

	Í sambúð með barn/börn	Í sambúð	Einhleypir foreldrar	Einhleypir	Samtals	<i>P</i> -gildi
<i>Konur og kvár</i>						
Minna en 40 fermetrar	0,8%	3,2%	3,7%	12,4%	4,9%	0,000**
40-59 fermetrar	3,9%	8,1%	7,5%	18,4%	9,4%	<i>N</i> = 8.276
60-79 fermetrar	9,6%	12,3%	19,8%	22,0%	14,8%	
80-99 fermetrar	16,8%	14,8%	24,3%	19,4%	17,7%	
100-119 fermetrar	20,1%	19,0%	20,2%	13,6%	18,1%	
120 fermetrar eða stærra	46,7%	40,4%	17,7%	9,2%	31,5%	
Vil ekki svara	2,3%	2,2%	6,8%	5,1%	3,5%	
<i>Karlar</i>						
Minna en 40 fermetrar	1,4%	4,1%	4,2%	19,9%	7,2%	0,000**
40-59 fermetrar	3,1%	6,7%	10,4%	19,8%	9,1%	<i>N</i> = 10.200
60-79 fermetrar	9,9%	10,8%	19,6%	20,6%	13,7%	
80-99 fermetrar	16,5%	15,6%	20,0%	15,3%	16,1%	
100-119 fermetrar	19,1%	19,5%	17,6%	9,8%	16,7%	
120 fermetrar eða stærra	49,0%	41,6%	18,8%	8,5%	33,9%	
Vil ekki svara	1,0%	1,8%	9,5%	6,0%	3,2%	
<i>Öll</i>						
Minna en 40 fermetrar	1,1%	3,7%	3,9%	16,6%	6,2%	0,000**
40-59 fermetrar	3,5%	7,4%	8,8%	19,1%	9,3%	<i>N</i> = 18.476
60-79 fermetrar	9,8%	11,4%	19,7%	21,2%	14,2%	
80-99 fermetrar	16,6%	15,2%	22,4%	17,1%	16,8%	
100-119 fermetrar	19,5%	19,3%	19,0%	11,5%	17,3%	
120 fermetrar eða stærra	48,0%	41,0%	18,2%	8,8%	32,8%	
Vil ekki svara	1,6%	2,0%	8,0%	5,6%	3,4%	

Tafla 43 sýnir stærð húsnæðis eftir fjölda barna meðal sambúðarfólks og einhleypra foreldra. Niðurstöðurnar sýna að mikill munur er á stærð húsnæðis einhleypra foreldra og sambúðarfólks þar sem einhleypir foreldrar eru í minna húsnæði. Þegar litið er til einhleypra foreldra og sambúðarfólks með eitt barn sést að 37,3% einhleypra foreldra en 22,8% sambúðarfólks, er í 79 fermetra húsnæði eða minna. Lítið herra hlutfall einhleypra foreldra en sambúðarforeldra með eitt barn eru í 80-119 fermetra húsnæði (38,3% á móti 36,7%). Hins vegar er herra hlutfall sambúðarfólks í 120 fermetra húsnæði eða stærra (38,9% á móti 16,7%). Sama mynstur sést þegar stærð húsnæðis er greind meðal einhleypra foreldra og sambúðarfólks með tvö börn. Herra hlutfall einhleypra foreldra með tvö börn er í 79 fermetra húsnæði eða minna (27,6% á móti 9,6%) og 80-119 fermetra húsnæði (46,6% á móti 39,7%) samanborið við sambúðarforeldra. Hins vegar er mun herra hlutfall sambúðarforeldra með tvö börn samanborið við einhleypra foreldra í 120 fermetra húsnæði eða stærra (49,2% á móti 18,2%). Þegar litið er til stærð húsnæðis foreldra með þrjú börn eða fleiri meðal einhleypra og sambúðarfólks sést aftur að mun herra hlutfall einhleypra foreldra er í 79 fermetra húsnæði eða minna (21,7% á móti 6,2%) og 80-119 fermetra húsnæði (41,2% á

móti 27,4%). Hins vegar er mun hærra hlutfall sambúðarfólks með þrjú börn eða fleiri samanborið við einhleypa foreldra með þrjú börn í 120 fermetra húsnæði eða stærra (65,1% á móti 25,4%).

Tafla 43. Stærð húsnæðis eftir fjölda barna og fjölskyldustöðu.

	Eitt barn	Tvö börn	Þrjú börn eða fleiri	Samtals	<i>P</i> -gildi
<i>Í sambúð með börn</i>					
Minna en 40 fermetrar	1,7%	0,7%	0,8%	1,1%	0,000**
40-59 fermetrar	5,9%	1,9%	1,4%	3,4%	<i>N</i> = 6.018
60-79 fermetrar	15,2%	7,0%	4,0%	9,8%	
80-99 fermetrar	19,0%	17,3%	10,0%	16,6%	
100-119 fermetrar	17,7%	22,4%	17,4%	19,5%	
120 fermetrar eða stærra	38,9%	49,2%	65,1%	48,0%	
Vil ekki svara	1,7%	1,5%	1,3%	1,6%	
<i>Einhleypir foreldrar</i>					
Minna en 40 fermetrar	3,8%	3,2%	6,3%	3,9%	0,000**
40-59 fermetrar	11,0%	6,2%	5,3%	8,8%	<i>N</i> = 1.757
60-79 fermetrar	22,5%	18,2%	10,1%	19,7%	
80-99 fermetrar	21,3%	24,2%	22,2%	22,4%	
100-119 fermetrar	17,0%	22,4%	19,0%	19,1%	
120 fermetrar eða stærra	16,7%	18,2%	25,4%	18,2%	
Vil ekki svara	7,6%	7,5%	11,6%	8,0%	
<i>Öll</i>					
Minna en 40 fermetrar	2,3%	1,2%	1,6%	1,7%	0,000**
40-59 fermetrar	7,3%	2,8%	2,0%	4,6%	<i>N</i> = 7.775
60-79 fermetrar	17,2%	9,2%	4,9%	12,0%	
80-99 fermetrar	19,7%	18,7%	11,7%	17,9%	
100-119 fermetrar	17,5%	22,4%	17,7%	19,4%	
120 fermetrar eða stærra	32,6%	43,1%	59,4%	41,3%	
Vil ekki svara	3,4%	2,7%	2,8%	3,0%	

Tafla 44 sýnir fermetrastærð húsnæðis eftir kyni og uppruna. Niðurstöðurnar sýna að hæst er hlutfall innflytjenda sem býr í minna en 40 fermetra húsnæði (17,3%), 40-59 fermetrum (18,9%) og 60-79 fermetrum (20,8%). Hlutfall innfæddra í 120 fermetra húsnæði eða stærra er mun hærra heldur en meðal innflytjenda og fólks með erlendan bakgrunn (42,1% á móti 8,5% og 28,2%).

Tafla 44. Stærð húsnæðis eftir uppruna.

	Innfæddir	Innflytjendur	Með erlendan bakgrunn	Samtals	<i>P</i> -gildi
<i>Konur og kvár</i>					
Minna en 40 fermetrar	1,7%	12,8%	6,0%	5,0%	0,000**
40-59 fermetrar	5,6%	18,7%	9,5%	9,5%	<i>N</i> = 8.372
60-79 fermetrar	12,1%	22,1%	10,0%	14,9%	
80-99 fermetrar	17,1%	18,9%	19,8%	17,7%	
100-119 fermetrar	20,2%	12,3%	21,8%	18,0%	
120 fermetrar eða stærra	40,5%	9,9%	27,1%	31,2%	
Vil ekki svara	2,7%	5,4%	5,8%	3,6%	
<i>Karlar</i>					
Minna en 40 fermetrar	2,4%	21,4%	6,7%	7,5%	0,000**
40-59 fermetrar	5,6%	19,0%	9,8%	9,3%	<i>N</i> = 10.288
60-79 fermetrar	11,7%	19,6%	13,5%	13,8%	
80-99 fermetrar	15,9%	15,8%	18,1%	16,0%	
100-119 fermetrar	18,6%	11,5%	17,7%	16,7%	
120 fermetrar eða stærra	43,4%	7,3%	29,1%	33,5%	
Vil ekki svara	2,3%	5,4%	4,9%	3,2%	
<i>Öll</i>					
Minna en 40 fermetrar	2,1%	17,3%	6,4%	6,4%	0,000**
40-59 fermetrar	5,6%	18,9%	9,6%	9,4%	<i>N</i> = 18.660
60-79 fermetrar	11,9%	20,8%	11,9%	14,3%	
80-99 fermetrar	16,4%	17,3%	18,9%	16,8%	
100-119 fermetrar	19,3%	11,9%	19,6%	17,3%	
120 fermetrar eða stærra	42,1%	8,5%	28,2%	32,5%	
Vil ekki svara	2,5%	5,4%	5,4%	3,4%	

Tafla 45 sýnir stærð húsnæðis í fermetrum hjá húsnæðiseigendum og leigjendum og eru niðurstöðurnar brotnar niður eftir kyni. Hærra hlutfall leigjenda en eigenda eru búsett í minna en 40 fermetra húsnæði (16,6% á móti 0,6%), 40-59 fermetra húsnæði (22,4% á móti 3,6%) og 60-79 fermetrum (25,1% á móti 9,8%). Svipað hlutfall eigenda og leigjenda eru búsett í 80-99 fermetra húsnæði (16,9% og 17,9%) en hærra hlutfall þeirra sem eru eigendur eru í 100-119 fermetra húsnæði (21% á móti 10,4%) og 120 fermetra húsnæði eða stærra (47% á móti 4,5%).

Tafla 45. Stærð húsnæðis eftir stöðu á húsnæðismarkaði.

	Eigendur	Leigjendur	Samtals	P-gildi
<i>Konur og kvár</i>				
Minna en 40 fermetrar	0,6%	13,3%	4,4%	0,000**
40-59 fermetrar	3,7%	22,9%	9,4%	N = 7.489
60-79 fermetrar	10,2%	26,6%	15,0%	
80-99 fermetrar	17,5%	18,9%	17,9%	
100-119 fermetrar	21,6%	11,2%	18,5%	
120 fermetrar eða stærra	45,3%	3,9%	33,1%	
Vil ekki svara	1,1%	3,2%	1,7%	
<i>Karlar</i>				
Minna en 40 fermetrar	0,7%	19,3%	6,2%	0,000**
40-59 fermetrar	3,4%	22,0%	8,9%	N = 9.241
60-79 fermetrar	9,6%	24,0%	13,8%	
80-99 fermetrar	16,4%	17,1%	16,6%	
100-119 fermetrar	20,5%	9,7%	17,3%	
120 fermetrar eða stærra	48,6%	5,1%	35,8%	
Vil ekki svara	0,8%	2,9%	1,4%	
<i>Öll</i>				
Minna en 40 fermetrar	0,6%	16,6%	5,4%	0,000**
40-59 fermetrar	3,6%	22,4%	9,1%	N = 16.730
60-79 fermetrar	9,8%	25,1%	14,3%	
80-99 fermetrar	16,9%	17,9%	17,2%	
100-119 fermetrar	21,0%	10,4%	17,9%	
120 fermetrar eða stærra	47,1%	4,5%	34,6%	
Vil ekki svara	0,9%	3,0%	1,6%	

3.3.4 Hentugleiki húsnæðis

Þátttakendur í könnuninni voru spurð hversu vel eða illa núverandi húsnæði hentaði þeim og eru niðurstöðurnar birtar í töflu 46 greindar eftir kyni og fjölskyldustöðu. Niðurstöðurnar sýna að hæst er hlutfall sambúðarfólks sem er í mjög eða frekrar hentugu húsnæði (79,4%) og lítið lægra meðal sambúðarfólks með börn (72,9%). Hins vegar er lægra hlutfall einhleypra foreldra og einhleypra í mjög eða frekar hentugu húsnæði (64,4% og 66,3%).

Tafla 46. Hversu vel eða illa hentar húsnæði eftir kyni og fjölskyldustöðu.

	Í sambúð með barn/börn	Í sambúð	Einhleypir foreldrar	Einhleypir	Samtals	<i>P</i> -gildi
<i>Konur og kvár</i>						
Mjög vel	43,5%	51,5%	37,3%	40,2%	44,5%	0,000**
Frekar vel	31,3%	28,1%	29,0%	31,5%	30,1%	<i>N</i> = 8.275
Hvorki vel né illa	12,6%	13,0%	15,7%	16,0%	14,0%	
Frekar illa	8,6%	5,0%	12,2%	7,8%	7,6%	
Mjög illa	2,9%	1,1%	4,3%	2,7%	2,4%	
Vil ekki svara	1,1%	1,3%	1,5%	1,8%	1,4%	
<i>Karlar</i>						
Mjög vel	40,7%	48,8%	31,1%	30,8%	40,0%	0,000**
Frekar vel	30,7%	30,5%	31,0%	30,9%	30,7%	<i>N</i> = 10.201
Hvorki vel né illa	16,1%	12,7%	18,0%	21,0%	16,4%	
Frekar illa	9,0%	5,3%	12,4%	8,8%	8,0%	
Mjög illa	2,5%	1,4%	5,8%	5,1%	3,1%	
Vil ekki svara	0,9%	1,4%	1,8%	3,3%	1,8%	
<i>Öll</i>						
Mjög vel	41,9%	50,0%	34,5%	35,1%	42,0%	0,000**
Frekar vel	31,0%	29,4%	29,9%	31,2%	30,4%	<i>N</i> = 18.476
Hvorki vel né illa	14,7%	12,8%	16,7%	18,7%	15,3%	
Frekar illa	8,8%	5,1%	12,3%	8,4%	7,9%	
Mjög illa	2,7%	1,2%	5,0%	4,1%	2,8%	
Vil ekki svara	1,0%	1,4%	1,6%	2,6%	1,6%	

Tafla 47 sýnir hversu hentugt núverandi húsnæði er og eru niðurstöðurnar greindar eftir kyni og uppruna. Niðurstöðurnar sýna að mikill munur er á því í hversu vel húsnæði fólks hentar fjölskyldunni eftir uppruna. Lægst er hlutfall innflytjenda sem eru búsett í húsnæði sem hentar þeim mjög eða frekar vel (56,8%), því næst kemur fólk með erlendan bakgrunn (68,7%) en hæst er hlutfallið hjá innfæddum (78,3%). Að sama skapi er hærra hlutfall innflytjenda (16,2%) og því næst fólks með erlendan bakgrunn (13,3%) sem meta húsnæði sitt frekar eða mjög óhentugt en lægst er hlutfallið hjá innfæddum (8,5%).

Tafla 47. Hversu vel eða illa hentar húsnæði eftir kyni og uppruna.

	Innfæddir	Innflytjendur	Með erlendan bakgrunn	Samtals	P-gildi
<i>Konur og kvár</i>					
Mjög vel	51,8%	26,2%	42,0%	44,1%	0,000**
Frekar vel	27,8%	36,0%	28,1%	30,2%	<i>N</i> = 8.376
Hvorki vel né illa	11,5%	20,1%	14,6%	14,1%	
Frekar illa	6,6%	9,6%	10,7%	7,6%	
Mjög illa	1,7%	4,4%	3,1%	2,5%	
Vil ekki svara	0,7%	3,6%	1,6%	1,5%	
<i>Karlar</i>					
Mjög vel	47,3%	19,1%	42,1%	39,8%	0,000**
Frekar vel	30,0%	32,9%	25,5%	30,6%	<i>N</i> = 10.292
Hvorki vel né illa	13,2%	25,6%	17,8%	16,6%	
Frekar illa	6,8%	11,4%	11,6%	8,2%	
Mjög illa	1,9%	6,6%	1,2%	3,1%	
Vil ekki svara	0,8%	4,5%	1,8%	1,8%	
<i>Öll</i>					
Mjög vel	49,3%	22,4%	42,0%	41,7%	0,000**
Frekar vel	29,0%	34,4%	26,7%	30,4%	<i>N</i> = 18.668
Hvorki vel né illa	12,4%	23,0%	16,3%	15,5%	
Frekar illa	6,7%	10,6%	11,2%	8,0%	
Mjög illa	1,8%	5,6%	2,1%	2,8%	
Vil ekki svara	0,7%	4,0%	1,7%	1,7%	

Svarendur voru spurðir hversu vel eða illa núverandi húsnæði hentaði þeim og fjölskyldum þeirra og eru niðurstöðurnar birtar í töflu 48 eftir kyni og stöðu á húsnæðismarkaði. Niðurstöðurnar sýna að mun herra hlutfall þeirra sem eru í eigin húsnæði telja það mjög eða frekar hentugt samanborið við þá sem eru á leigumarkaði (81,7% á móti 55,5%). Herra hlutfall leigjenda er í húsnæði sem hentar fjölskyldunni frekar eða mjög illa samanborið við fólk í eigin húsnæði (18,9% á móti 6,4%).

Tafla 48. Hversu vel eða illa hentar húsnæði eftir stöðu á húsnæðismarkaði.

	Eigendur	Leigjendur	Samtals	P-gildi
<i>Konur og kvár</i>				
Mjög vel	53,8%	25,8%	45,5%	0,000**
Frekar vel	28,6%	34,7%	30,4%	<i>N</i> = 7.497
Hvorki vel né illa	10,8%	20,5%	13,7%	
Frekar illa	5,2%	12,0%	7,2%	
Mjög illa	0,9%	5,5%	2,3%	
Vil ekki svara	0,6%	1,5%	0,9%	
<i>Karlar</i>				
Mjög vel	50,1%	20,9%	41,5%	0,000**
Frekar vel	31,0%	30,6%	30,9%	<i>N</i> = 9.248
Hvorki vel né illa	11,7%	26,9%	16,2%	
Frekar illa	5,5%	13,6%	7,9%	
Mjög illa	1,1%	6,4%	2,7%	
Vil ekki svara	0,6%	1,6%	0,9%	
<i>Öll</i>				
Mjög vel	51,8%	23,1%	43,3%	0,000**
Frekar vel	29,9%	32,4%	30,7%	<i>N</i> = 16.745
Hvorki vel né illa	11,3%	24,0%	15,1%	
Frekar illa	5,4%	12,9%	7,6%	
Mjög illa	1,0%	6,0%	2,5%	
Vil ekki svara	0,6%	1,5%	0,9%	

3.3.5 Skipt um húsnæði

Tafla 49 sýnir hversu oft á síðastliðnum fimm árum launafólk hefur skipt um húsnæði og eru niðurstöðurnar greindar eftir kyni og fjölskyldugerð. Niðurstöðurnar sýna að hærra hlutfall einhleypra og einhleypra foreldra hafa flutt þrisvar sinnum eða oftár á síðustu fimm árum (21,2% og 17,7%) samanborið við sambúðarfólk (9,5%) og sambúðarfólk með börn (10,1%). Að sama skapi er hærra hlutfall sambúðarfólks og sambúðarfólks með börn sem hefur aldrei flutt eða flutt einu sinni á tímabilinu (80,6% og 77,2%) samanborið við einhleypa og einhleypa foreldra (62,7% og 64,9%).

Tafla 49. Hversu oft skipt um húsnæði síðastliðin fimm ár eftir kyni og fjölskyldustöðu.

	Í sambúð með barn/börn	Í sambúð	Einhleypir foreldrar	Einhleypir	Samtals	<i>P</i> -gildi
<i>Konur og kvár</i>						
Aldrei	44,2%	55,9%	36,1%	36,9%	45,1%	0,000**
Einu sinni	32,5%	23,1%	29,5%	27,5%	27,8%	<i>N</i> = 8.279
Tvisvar sinnum	12,3%	9,5%	15,2%	13,7%	12,1%	
Þrisvar sinnum	6,6%	5,8%	11,2%	10,0%	7,8%	
Fjórum sinnum	2,2%	2,8%	4,1%	4,7%	3,2%	
Fimm sinnum	1,2%	1,0%	1,3%	2,8%	1,6%	
Sex sinnum eða oftár	0,4%	1,1%	1,4%	3,4%	1,5%	
Vil ekki svara	0,7%	0,8%	1,2%	1,0%	0,9%	
<i>Karlar</i>						
Aldrei	43,0%	56,5%	36,2%	32,8%	44,2%	0,000**
Einu sinni	34,6%	25,4%	27,8%	28,6%	29,6%	<i>N</i> = 10.191
Tvisvar sinnum	11,6%	8,5%	16,7%	15,7%	12,0%	
Þrisvar sinnum	6,7%	4,0%	9,0%	10,8%	7,0%	
Fjórum sinnum	1,7%	2,3%	5,1%	5,1%	3,0%	
Fimm sinnum	0,9%	1,4%	1,1%	2,6%	1,5%	
Sex sinnum eða oftár	0,7%	1,0%	2,4%	3,0%	1,5%	
Vil ekki svara	0,7%	1,0%	1,8%	1,4%	1,1%	
<i>Öll</i>						
Aldrei	43,5%	56,2%	36,2%	34,6%	44,6%	0,000**
Einu sinni	33,7%	24,4%	28,7%	28,1%	28,8%	<i>N</i> = 18.470
Tvisvar sinnum	11,9%	8,9%	15,9%	14,8%	12,1%	
Þrisvar sinnum	6,6%	4,8%	10,2%	10,4%	7,4%	
Fjórum sinnum	1,9%	2,5%	4,5%	4,9%	3,1%	
Fimm sinnum	1,0%	1,2%	1,2%	2,7%	1,5%	
Sex sinnum eða oftár	0,6%	1,0%	1,8%	3,2%	1,5%	
Vil ekki svara	0,7%	0,9%	1,4%	1,3%	1,0%	

Tafla 50 sýnir hversu oft launafólk hefur skipt um húsnæði á síðastliðnum fimm árum eftir kyni og uppruna. Niðurstöðurnar sýna að mun lægra hlutfall innflytjenda en innfæddra og fólks með erlendan bakgrunn hefur aldrei skipt um húsnæði eða flutt einu sinni á síðastliðnum umræddu tímabili (52,3% á móti 81,4% og 72,8%). Að sama skapi er mun algengara að innflytjendur hafi flutt í annað húsnæði þrisvar sinnum eða oftár samanborið við innfædda og fólk með erlendan bakgrunn (27,5% á móti 8,4% og 12,5%).

Tafla 50. Hversu oft skipt um húsnæði síðastliðin fimm ár eftir kyni og uppruna.

	Innfæddir	Innflytjendur	Með erlendan bakgrunn	Samtals	P-gildi
<i>Konur og kvár</i>					
Aldrei	53,3%	26,1%	44,1%	45,1%	0,000**
Einu sinni	27,7%	27,6%	26,7%	27,6%	N = 8.373
Tvisvar sinnum	9,8%	17,5%	14,7%	12,2%	
Þrisvar sinnum	5,5%	13,2%	7,0%	7,8%	
Fjórum sinnum	1,9%	6,3%	3,7%	3,2%	
Fimm sinnum	0,8%	3,7%	0,8%	1,6%	
Sex sinnum eða oftár	0,6%	3,7%	1,8%	1,6%	
Vil ekki svara	0,5%	1,9%	1,2%	0,9%	
<i>Karlar</i>					
Aldrei	51,7%	23,6%	43,5%	44,1%	0,000**
Einu sinni	30,1%	27,4%	31,1%	29,4%	N = 10.286
Tvisvar sinnum	9,6%	18,2%	12,7%	12,0%	
Þrisvar sinnum	4,8%	13,8%	6,2%	7,2%	
Fjórum sinnum	1,7%	7,1%	2,5%	3,2%	
Fimm sinnum	0,7%	3,5%	2,0%	1,5%	
Sex sinnum eða oftár	0,7%	3,8%	1,2%	1,5%	
Vil ekki svara	0,5%	2,5%	0,9%	1,1%	
<i>Öll</i>					
Aldrei	52,4%	24,8%	43,8%	44,6%	0,000**
Einu sinni	29,0%	27,5%	29,0%	28,6%	N = 18.659
Tvisvar sinnum	9,7%	17,9%	13,6%	12,1%	
Þrisvar sinnum	5,1%	13,5%	6,6%	7,5%	
Fjórum sinnum	1,8%	6,7%	3,0%	3,2%	
Fimm sinnum	0,8%	3,6%	1,4%	1,5%	
Sex sinnum eða oftár	0,7%	3,7%	1,5%	1,6%	
Vil ekki svara	0,5%	2,2%	1,1%	1,0%	

Tafla 51 sýnir hversu oft félagar hafa skipt um húsnæði á síðastliðnum fimm árum og eru niðurstöðurnar brotnar niður eftir kyni og stöðu á húsnæðismarkaði. Taflan sýnir að mun hærra hlutfall þeirra sem eru í eigin húsnæði hafa aldrei eða einu sinni skipt um húsnæði á tímabilinu samanborið við þau sem eru á leigumarkaði (86,3% á móti 46,9%). Þau sem eru á leigumarkaði hafa mun oftár skipt um húsnæði á tímabilinu en þau sem eru í eigin húsnæði. Þannig hafa einungis 5,2% þeirra sem eru í eigin húsnæði flutt þrisvar sinnum eða oftár en 31,8% leigjenda og raunar hafa 7,8% flutt fimm sinnum eða oftár á jafn mörgum árum.

Tafla 51. *Hversu oft skipt um húsnæði síðastliðin fimm ár eftir stöðu á húsnæðismarkaði.*

	Eigendur	Leigjendur	Samtals	P-gildi
<i>Konur og kvár</i>				
Aldrei	57,4%	18,6%	46,0%	0,000**
Einu sinni	28,4%	27,6%	28,2%	<i>N</i> = 7.498
Tvisvar sinnum	8,4%	20,3%	11,9%	
Þrisvar sinnum	3,7%	17,0%	7,6%	
Fjórum sinnum	1,0%	7,8%	3,0%	
Fimm sinnum	0,5%	4,0%	1,5%	
Sex sinnum eða oftár	0,3%	3,9%	1,4%	
Vil ekki svara	0,3%	0,8%	0,4%	
<i>Karlar</i>				
Aldrei	55,6%	19,7%	45,0%	0,000**
Einu sinni	31,2%	27,7%	30,2%	<i>N</i> = 9.240
Tvisvar sinnum	7,9%	20,8%	11,7%	
Þrisvar sinnum	3,3%	16,0%	7,0%	
Fjórum sinnum	1,0%	7,2%	2,8%	
Fimm sinnum	0,4%	3,7%	1,4%	
Sex sinnum eða oftár	0,3%	4,1%	1,4%	
Vil ekki svara	0,3%	0,7%	0,4%	
<i>Öll</i>				
Aldrei	56,4%	19,2%	45,5%	0,000**
Einu sinni	29,9%	27,7%	29,3%	<i>N</i> = 16.738
Tvisvar sinnum	8,1%	20,6%	11,8%	
Þrisvar sinnum	3,4%	16,5%	7,3%	
Fjórum sinnum	1,0%	7,5%	2,9%	
Fimm sinnum	0,5%	3,8%	1,5%	
Sex sinnum eða oftár	0,3%	4,0%	1,4%	
Vil ekki svara	0,3%	0,7%	0,4%	

3.3.6 Byrði húsnæðiskostnaðar

Tafla 52 sýnir byrði við rekstur húsnæðis, þar með talið afborganir húsnæðislána, leigu, tryggingar, fasteignagjöld, viðhald og viðgerðir. 32,5% búa við þunga byrði vegna húsnæðis. Tæplega helmingur telur húsnæðiskostnað nokkra byrði (46,3%) en 15,9% býr ekki við byrði af húsnæðiskostnaði.

Hæst hlutfall þeirra sem bera þunga byrði af húsnæðiskostnaði eru einhleypir foreldrar (43,3%). Sama á við um lítið lægra hlutfall sambúðarfólks með börn sem býr við þunga byrði af húsnæðiskostnaði (42%). Hlutfallið er lægra meðal einhleypira (29,9%) og lægst hjá sambúðarfólki (21,6%).

Tafla 52. Byrði húsnæðiskostnaðar eftir kyni og fjölskyldustöðu.

	Í sambúð með barn/börn	Í sambúð	Einhleypir foreldrar	Einhleypir	Samtals	<i>P</i> -gildi
<i>Konur og kvár</i>						
Þung byrði	41,1%	21,1%	44,3%	29,2%	32,0%	0,000**
Nokkur byrði	47,7%	49,9%	38,0%	46,3%	46,9%	<i>N</i> = 8.254
Engin byrði	8,1%	23,8%	7,7%	15,5%	15,0%	
Vil ekki svara	3,2%	5,2%	10,0%	9,0%	6,1%	
<i>Karlar</i>						
Þung byrði	42,7%	22,1%	42,1%	30,6%	32,9%	0,000**
Nokkur byrði	47,0%	49,9%	35,7%	42,2%	45,8%	<i>N</i> = 10.194
Engin byrði	8,7%	25,1%	9,7%	19,1%	16,7%	
Vil ekki svara	1,7%	2,9%	12,6%	8,1%	4,6%	
<i>Öll</i>						
Þung byrði	42,0%	21,6%	43,3%	29,9%	32,5%	0,000**
Nokkur byrði	47,3%	49,9%	37,0%	44,1%	46,3%	<i>N</i> = 18.448
Engin byrði	8,4%	24,5%	8,6%	17,5%	15,9%	
Vil ekki svara	2,3%	3,9%	11,1%	8,5%	5,3%	

Tafla 53 sýnir byrði við rekstur húsnæðis greint eftir kyni og uppruna. Mun herra hlutfall innflytjendakvenna og karla (45,2% og 47,2%) búa við þunga byrði af húsnæðiskostnaði samanborið við aðra hópa. Sömuleiðis búa fleiri konur og karla með erlendan bakgrunn (32,3% og 34,2%) við þungan húsnæðiskostnað samanborið við innfædda. Lægst er hlutfall innfæddra kvenna og karla (26,6% og 27,9%) sem bera þunga byrði af húsnæðiskostnaði.

Tafla 53. Byrði húsnæðiskostnaðar eftir kyni og uppruna.

	Innfæddir	Innflytjendur	Með erlendan bakgrunn	Samtals	<i>P</i> -gildi
<i>Konur og kvár</i>					
Þung byrði	26,6%	45,2%	32,3%	32,1%	0,000**
Nokkur byrði	49,3%	40,5%	45,9%	46,7%	<i>N</i> = 8.352
Engin byrði	17,9%	8,4%	14,3%	15,0%	
Vil ekki svara	6,2%	5,9%	7,4%	6,2%	
<i>Karlar</i>					
Þung byrði	27,9%	47,2%	34,2%	33,1%	0,000**
Nokkur byrði	48,5%	37,6%	45,6%	45,5%	<i>N</i> = 10.286
Engin byrði	19,5%	9,1%	14,4%	16,6%	
Vil ekki svara	4,1%	6,1%	5,9%	4,7%	
<i>Öll</i>					
Þung byrði	27,3%	46,3%	33,3%	32,7%	0,000**
Nokkur byrði	48,8%	39,0%	45,7%	46,0%	<i>N</i> = 18.638
Engin byrði	18,8%	8,8%	14,4%	15,9%	
Vil ekki svara	5,0%	6,0%	6,6%	5,4%	

Tafla 54 sýnir byrði húsnæðiskostnaðar eftir kyn og aldri. Hlutfallslega flest í aldurshópnum 31-40 ára búa við þunga byrði af húsnæðiskostnaði eða 44%. Hlutfallið er sömuleiðis hátt í aldurshópnum 41-50 ára (39,3%) og 30 ára og yngri (34,7%). Hjá aldurshópnum 51-60 ára er lægra hlutfall sem býr við þunga byrði af húsnæðiskostnaði (24,5%) og lægst er hlutfallið hjá aldurshópnum 61 árs og eldri (11,8%).

Tafla 54. Byrði húsnæðiskostnaðar eftir kyni og aldri.

	30 ára og yngri	31-40 ára	41-50 ára	51-60 ára	61 árs og eldri	Samtals	P-gildi
<i>Konur og kvár</i>							
Þung byrði	33,8%	43,0%	39,2%	23,7%	12,3%	32,0%	0,000**
Nokkur byrði	41,8%	46,4%	46,4%	53,0%	46,4%	46,7%	N = 8.508
Engin byrði	11,1%	6,7%	10,5%	19,5%	33,8%	14,9%	
Vil ekki svara	13,3%	3,8%	3,9%	3,8%	7,5%	6,5%	
<i>Karlar</i>							
Þung byrði	35,6%	44,7%	39,3%	25,3%	11,4%	33,0%	0,000**
Nokkur byrði	38,9%	42,6%	45,9%	51,4%	51,3%	45,6%	N = 10.506
Engin byrði	14,1%	9,2%	10,9%	20,3%	34,1%	16,5%	
Vil ekki svara	11,4%	3,5%	3,8%	2,9%	3,2%	5,0%	
<i>Öll</i>							
Þung byrði	34,7%	44,0%	39,3%	24,5%	11,8%	32,5%	0,000**
Nokkur byrði	40,3%	44,2%	46,1%	52,1%	49,2%	46,1%	N = 19.014
Engin byrði	12,7%	8,1%	10,7%	20,0%	34,0%	15,8%	
Vil ekki svara	12,3%	3,7%	3,9%	3,3%	5,0%	5,6%	

Tafla 55 sýnir byrði húsnæðiskostnaðar meðal þeirra sem eru í eigin húsnæði annarsvegar og hins vegar þeirra sem eru í leiguhúsnæði. Hærra hlutfall þeirra sem eru á leigumarkaði búa við þunga byrði af húsnæðiskostnaði en það á við um 42,6% leigjenda en 29,9% þeirra sem eru í eigin húsnæði. Hærra hlutfall þeirra sem eru í eigin húsnæða telja húsnæðiskostnað sinn nokkra byrði (50,1% á móti 42,4%) og enga byrði (17,9% á móti 10%) samanborið við leigjendur.

Tafla 55. Byrði húsnæðiskostnaðar eftir stöðu á húsnæðismarkaði.

	Eigendur	Leigjendur	Samtals	P-gildi
<i>Konur og kvár</i>				
Þung byrði	29,5%	41,8%	33,1%	0,000**
Nokkur byrði	50,4%	43,4%	48,3%	<i>N</i> = 7.476
Engin byrði	16,9%	9,8%	14,8%	
Vil ekki svara	3,2%	5,1%	3,7%	
<i>Karlar</i>				
Þung byrði	30,2%	43,2%	34,0%	0,000**
Nokkur byrði	49,8%	41,6%	47,4%	<i>N</i> = 9.243
Engin byrði	18,6%	10,2%	16,1%	
Vil ekki svara	1,4%	4,9%	2,4%	
<i>Öll</i>				
Þung byrði	29,9%	42,6%	33,6%	0,000**
Nokkur byrði	50,1%	42,4%	47,8%	<i>N</i> = 16.719
Engin byrði	17,9%	10,0%	15,5%	
Vil ekki svara	2,2%	5,0%	3,0%	

3.3.7 Leiguverð, húsnæðisstuðningur og möguleikar á húsnæðis kaupum meðal leigjenda

Tafla 56 sýnir leiguverð meðal þeirra sem eru á leigumarkaði. Niðurstöðurnar sýna að tæplega einn af hverjum tíu borga minna en 100 þúsund krónur í leigu (9,2%). Lítið herra hlutfall borgar 101-150 þúsund krónur í leigu (16,4%). Ríflega fimmtungur greiðir 151-200 þúsund krónur mánaðarlega í húsaleigu (21,3%) og lítið herra hlutfall greiðir 201-250 þúsund krónur (22,2%). 17% leigjenda greiða 251-300 þúsund krónur mánaðarlega, 7% greiðir 301-350 þúsund krónur, 2,6% greiðir 351-400 þúsund krónur og 1% greiðir 401 þúsund krónur eða meira í húsaleigu.

Tafla 56. Leiguverð leigjenda eftir kyni.

	Konur og kvár	Karlar	Öll	P-gildi
Minna en 100 þúsund krónur	6,9%	11,2%	9,2%	0,000**
101-150 þúsund krónur	16,0%	16,8%	16,4%	<i>N</i> = 4.872
151-200 þúsund krónur	22,5%	20,3%	21,3%	
201-250 þúsund krónur	24,0%	20,8%	22,2%	
251-300 þúsund krónur	16,8%	17,2%	17,0%	
301-350 þúsund krónur	7,3%	6,8%	7,0%	
351-400 þúsund krónur	3,0%	2,2%	2,6%	
401 þúsund krónur eða meira	0,9%	1,0%	1,0%	
Vil ekki svara	2,6%	3,7%	3,2%	

Tafla 57 sýnir hvað er innifalið í leiguverði. Hjá meirihluta leigjenda eru hiti og húsgjöld innifalin (63,4% og 55,8%) og hjá tæplega helming er rafmagn innifalið (48,9%).

Tafla 57. Innifalið í leiguverði leigjenda eftir kyni.

	Konur og kvár	Karlar	Öll	<i>N</i>	P-gildi
Rafmagn	45,2%	51,9%	48,9%	4.708	0,000**
Hiti	60,6%	65,8%	63,4%	4.708	0,000**
Húsgjöld	53,2%	58,0%	55,8%	4.708	0,000**

Tafla 58 sýnir hlutfall leigjenda sem fá húsnæðisbætur og sérstakan húsnæðisstuðning frá sveitarfélagi. Niðurstöðurnar sýna að tæplega fjórðungur leigjenda fær húsnæðisbætur (23,4%) en hlutfallið er hærra meðal kvenna en karla (28,6% á móti 19,1%). Mun lægra hlutfall eða 4,9% fær sérstakan húsnæðisstuðning en það á einnig við um hærra hlutfall kvenna en karla (6,6% á móti 3,5%).

Tafla 58. *Húsnæðisbætur og sérstakur húsnæðisstuðningur frá sveitarfélagi meðal leigjenda eftir kyni.*

	Konur og kvár	Karlar	Öll	N	P-gildi
Húsnæðisbætur	28,6%	19,1%	23,4%	4.755	0,000**
Sérstakan húsnæðisstuðningur frá sveitarfélagi	6,6%	3,5%	4,9%	4.755	0,000**

Launafólk á leigumarkaði var spurt hversu líklegt eða ólíklegt það væri til að kaupa eigið húsnæði í náinni framtíð og eru niðurstöðurnar birtar í töflu 59. Niðurstöðurnar sýna að meirihluti svarenda telur frekar eða mjög ólíklegt að þeir kaupi eigið húsnæði í náinni framtíð (68,7%) en hlutfallið er hærra meðal kvenna en karla (71,3% á móti 66,6%). Að sama skapi eru einungis 15% sem telja mjög eða frekar líklegt að þau muni kaupa eigið húsnæði í náinni framtíð.

Tafla 59. *Hversu líkleg eða ólíkleg eru kaup á eigin húsnæði í náinni framtíð meðal leigjenda eftir kyni.*

	Konur og kvár	Karlar	Öll	P-gildi
Mjög líklegt	5,2%	8,1%	6,8%	0,000**
Frekar líklegt	6,9%	9,3%	8,2%	N = 4.883
Hvorki líklegt né ólíklegt	14,4%	14,3%	14,3%	
Frekar ólíklegt	19,4%	18,2%	18,7%	
Mjög ólíklegt	51,9%	48,4%	50,0%	
Vil ekki svara	2,1%	1,7%	1,9%	

3.3.8 Fjárhagsstaða launafólks eftir stöðu á húsnæðismarkaði

Tafla 60 sýnir hversu auðvelt eða erfitt launafólk á með að ná endum saman eftir stöðu á húsnæðismarkaði. Niðurstöðurnar sýna að hæst er hlutfall þeirra sem eru í eigin húsnæði sem eiga mjög auðvelt eða auðvelt með að ná endum saman (27,6%) en lægra meðal þeirra sem eru í leiguhúsnæði á almennum markaði og hjá óhagnaðardrifnum leigusamtökum (15,6% og 12,6%). Hæst er hlutfall þeirra sem eru í leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrifnum leigusamtökum sem eiga erfitt eða mjög erfitt með að ná endum saman (30,5%) og því næst meðal þeirra sem eru á almennum leigumarkaði (22,4%) en lægst hjá þeim sem eru í eigin húsnæði (11,4%).

Tafla 60. Auðvelt eða erfitt að ná endum saman eftir kyni og stöðu á húsnæðismarkaði.

	Eigin húsnæði	Leiguhúsnæði á almennum markaði	Leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrífnum leigusamtökum	Samtals	P-gildi
<i>Konur og kvár</i>					
Mjög auðvelt	9,8%	3,6%	2,7%	7,9%	0,000**
Auðvelt	15,6%	9,2%	3,7%	13,5%	<i>N</i> = 7.496
Nokkuð auðvelt	38,9%	29,0%	23,3%	35,7%	
Nokkur erfitt	24,1%	34,8%	37,1%	27,3%	
Erfitt	7,2%	13,1%	17,3%	9,1%	
Mjög erfitt	4,4%	10,3%	16,0%	6,4%	
<i>Karlar</i>					
Mjög auðvelt	13,1%	5,9%	6,5%	11,0%	0,000**
Auðvelt	16,4%	11,8%	12,2%	15,1%	<i>N</i> = 9.232
Nokkuð auðvelt	36,6%	28,4%	21,7%	34,0%	
Nokkur erfitt	22,6%	32,2%	31,7%	25,4%	
Erfitt	7,9%	13,3%	14,8%	9,5%	
Mjög erfitt	3,3%	8,3%	13,1%	4,9%	
<i>Öll</i>					
Mjög auðvelt	11,6%	4,9%	4,6%	9,6%	0,000**
Auðvelt	16,0%	10,7%	8,0%	14,4%	<i>N</i> = 16.728
Nokkuð auðvelt	37,6%	28,7%	22,5%	34,8%	
Nokkur erfitt	23,3%	33,4%	34,4%	26,3%	
Erfitt	7,6%	13,2%	16,0%	9,3%	
Mjög erfitt	3,8%	9,2%	14,5%	5,6%	

Tafla 61 sýnir hlutfall þeirra sem gætu mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar eftir kyni og stöðu á húsnæðismarkaði. Niðurstöðurnar sýna að mikill munur er á hlutfalli þeirra sem gæti mætt svo háum óvæntum útgjöldum eftir stöðu á húsnæðismarkaði. Lang hæst er hlutfallið meðal þeirra sem eru í eigin húsnæði (60,4%) en talsvert lægra meðal þeirra sem eru í leiguhúsnæði á almennum leigumarkaði (36,5%) og lægst meðal þeirra sem eru í leiguhúsnæði á vegum óhagnaðardrífina leigusamtaka (24,9%). Þegar litið er til þeirra sem eru í leiguhúsnæði á vegum óhagnaðardrífina leigusamtaka sést að mun herra hlutfall karla en kvenna gætu mætt svo háum óvæntum útgjöldum (32,3% á móti 17,6%) og einnig er nokkur munur á konum og körlum í eigin húsnæði (54,8% á móti 65%). Minnstur munur er á konum og körlum í leiguhúsnæði hvað varðar getu þeirra til að mæta svo háum óvæntum útgjöldum (33,5% á móti 38,9%).

Tafla 61. Geta mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar eftir kyni og stöðu á húsnæðismarkaði.

	Eigin húsnæði	Leiguhúsnæði á almennum markaði	Leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrifnum leigusamtökum	Samtals	P-gildi
<i>Konur og kvár</i>					
Já	54,8%	33,5%	17,6%	47,9%	0,000** N = 7.471
Nei	36,5%	53,8%	70,5%	42,3%	
Veit ekki	8,6%	12,7%	11,9%	9,8%	
<i>Karlar</i>					
Já	65,0%	38,9%	32,3%	57,1%	0,000** N = 9.214
Nei	28,1%	48,1%	57,3%	34,3%	
Veit ekki	6,9%	13,0%	10,4%	8,6%	
<i>Öll</i>					
Já	60,4%	36,5%	24,9%	53,0%	0,000** N = 16.685
Nei	31,9%	50,6%	64,0%	37,9%	
Veit ekki	7,7%	12,9%	11,1%	9,2%	

Tafla 62 sýnir hlutfall þeirra sem búa við skort á efnislegum gæðum eftir kyni og stöðu á húsnæðismarkaði. Niðurstöðurnar sýna að mikill munur er á hlutfalli þeirra sem búa við efnislegan skort eftir stöðu á húsnæðismarkaði. Hæst er hlutfallið meðal þeirra sem eru í leiguhúsnæði á vegum óhagnaðardrifinna leigusamtaka sem búa við efnislegan skort eða verulegan efnislegan skort en það á við um ríflega fjórðung þeirra (25,8%) og fimmtung þeirra sem eru í leiguhúsnæði á almennum leigumarkaði (20,6%). Hlutfallið er hins vegar 6,8% hjá þeim sem eru í eigin húsnæði. Hærra hlutfall kvenna en karla sem eru í leiguhúsnæði á vegum óhagnaðardrifinna leigusamtaka (27,6% á móti 24,1%), almennum leigumarkaði (23,3% á móti 18,5%) og eigin húsnæði (7,5% á móti 6,2%) búa við efnislegan eða verulegan efnislegan skort.

Tafla 62. Skortur á efnislegum gæðum eftir kyni og stöðu á húsnæðismarkaði.

	Eigin húsnæði	Leiguhúsnæði á almennum markaði	Leiguhúsnæði hjá óhagnaðarðrifnum leigusamtökum	Samtals	P-gildi
<i>Konur og kvár</i>					
Engin skortur	63,9%	34,6%	20,8%	54,8%	0,000**
Einn þáttur	18,2%	25,3%	28,4%	20,4%	<i>N</i> = 7.160
Tveir þættir	10,4%	16,8%	23,2%	12,6%	
Efnislegu skortur	4,9%	13,4%	14,2%	7,4%	
Verulegur efnislegur skortur	2,6%	9,9%	13,4%	4,8%	
<i>Karlar</i>					
Engin skortur	69,1%	38,9%	30,7%	60,1%	0,000**
Einn þáttur	15,5%	27,6%	29,8%	19,1%	<i>N</i> = 8.826
Tveir þættir	9,1%	15,1%	15,5%	10,9%	
Efnislegu skortur	3,9%	9,5%	13,1%	5,7%	
Verulegur efnislegur skortur	2,3%	9,0%	11,0%	4,3%	
<i>Öll</i>					
Engin skortur	66,8%	37,0%	25,7%	57,7%	0,000**
Einn þáttur	16,7%	26,6%	29,1%	19,7%	<i>N</i> = 15.989
Tveir þættir	9,7%	15,9%	19,4%	11,6%	
Efnislegu skortur	4,4%	11,2%	13,6%	6,4%	
Verulegur efnislegur skortur	2,4%	9,4%	12,2%	4,6%	

3.3.9 Samanburður - fjárhagsstaða eftir stöðu á húsnæðismarkaði 2022, 2023 og 2024

Í könnun Vörðu árin 2022 og 2023 var að hluta til notast við sömu spurningar um stöðu launafólks á húsnæðismarkaði og gert var í ár og því hægt að bera nokkrar lykilsurningar saman. Í töflunum hér á eftir eru bornar saman niðurstöður úr könnununum tveimur hvað varðar að ná endum saman, byrði húsnæðiskostnaðar og fjölda þátta sem efnislegur skortur er á með tilliti til þess hvort fólk búi í eigin húsnæði eða hvort það sé á leigumarkaði.

Tafla 63 sýnir hlutfall þeirra sem eiga auðvelt eða erfitt með að ná endum saman eftir stöðu á húsnæðismarkaði yfir þriggja ára tímabil. Niðurstöðurnar sýna að hæst er hlutfall þeirra sem eru í leiguhúsnæði sem eiga nokkuð erfitt, erfitt eða mjög erfitt með að ná endum saman en hlutfallið var 53,1% árið 2022, 64,4% árið 2023 og 56,9% árið 2024. Þegar litið er til þeirra sem eru í eigin húsnæði sést að staða þeirra hefur einnig versnað yfir tímabilið þar sem 23,6% áttu nokkuð erfitt, erfitt eða mjög erfitt með að ná endum saman árið 2022, hlutfallið var 37,1% árið 2023 og 34,7% árið 2024.

Tafla 63. Auðvelt eða erfitt að ná endum saman eftir stöðu á húsnæðismarkaði. Samanburður milli ára.

	2022	2023	2024
<i>Í eigin húsnæði</i>			
Mjög auðvelt	17,5%	11,3%	11,6%
Auðvelt	19,3%	13,0%	16,1%
Nokkuð auðvelt	39,6%	38,5%	37,6%
Nokkur erfitt	18,2%	23,0%	23,3%
Erfitt	3,9%	9,2%	7,6%
Mjög erfitt	1,5%	4,9%	3,8%
<i>Leigjendur</i>			
Mjög auðvelt	4,9%	3,0%	4,9%
Auðvelt	11,1%	8,0%	10,3%
Nokkuð auðvelt	30,9%	24,7%	27,9%
Nokkur erfitt	34,6%	32,8%	33,5%
Erfitt	11,7%	19,0%	13,5%
Mjög erfitt	6,8%	12,6%	9,9%

Tafla 64 sýnir að hlutfall launafólks sem telur byrði af húsnæðiskostnaði vera þunga er svipað og fyrir ári (34,7% og 36,2%) en hefur hækkað frá 2022 (28,1%). Lægra hlutfall þeirra sem eru á leigumarkaði telja húsnæðiskostnað þunga byrði árið 2024 samanborið við árið 2023 (44,8% á móti 54,6%). Hins vegar er hærra hlutfall þeirra sem eru í eigin húsnæði sem búa við þunga byrgði af húsnæðiskostnaði nú samanborið við árið 2023 (30,5% á móti 28,2%) og hlutfallið er talsvert hærra en árið 2022 (19,2%).

Tafla 64. Byrði húsnæðiskostnaðar eftir stöðu á húsnæðismarkaði. Samanburður milli ára.

	2022	2023	2024
<i>Í eigin húsnæði</i>			
Þung byrði	19,2%	28,2%	30,5%
Nokkur byrði	54,6%	51,4%	51,2%
Engin byrði	26,3%	20,4%	18,3%
<i>Leigjendur</i>			
Þung byrði	47,3%	54,6%	44,8%
Nokkur byrði	41,2%	38,2%	44,6%
Engin byrði	11,6%	7,3%	10,5%
<i>Samtals</i>			
Þung byrði	28,1%	36,2%	34,7%
Nokkur byrði	50,3%	47,4%	49,3%
Engin byrði	21,6%	16,4%	16,0%

Í töflu 65 má sjá fjölda þátta sem efnislegur skortur er á eftir stöðu á húsnæðismarkaði. Niðurstöðurnar sýna að hlutfall þeirra sem búa ekki við skort á neinum efnislegum gæðum er lægra árið 2024 samanborið við 2022 og 2023 (57,7% á móti 62,5% og 58,9). Að sama skapi búa hlutfallslega fleiri við skort á einum (19,7% á móti 17,5% og 18,8%), þremur (6,4% á móti 5,6% og 6%) og fjórum (4,6% á móti 3,6% og 4,4%) efnislegum þáttum samanborið við árin 2022 og 2023.

Ef litið er til þeirra sem eru í leiguhúsnæði sést að ekki er mikil breyting á hlutfalli leigjenda sem búa við skort á efnislegum gæðum milli ára. Árið 2024 búa 11,5% leigjenda við efnislegan skort samanborið við 11,9% árið 2023 og 11,7% árið 2022. Hærra hlutfall leigjenda býr við verulegan skort á efnislegum gæðum eða sárafátækt og hefur hlutfallið hækkað frá 2022 þegar það var 7,9%, árið 2023 var það komið í 10% og 9,7% árið 2024.

Meðal þeirra sem eru í eigin húsnæði sést að lægra hlutfall býr ekki við skort á neinum efnislegum gæðum (66,8% á móti 73,8% og 69,6%) samanborið við tvö fyrri ár. Þá skortir hlutfallslega fleiri einn (16,7% á móti 14,2% og 15,6%), tvo (9,7% á móti 7,9% og 9,2%), þrjá (4,4% á móti 2,6% og 3,5%) og fjóra (2,4% á móti 1,5% og 2,1%) efnislega þætti árið 2024 samanborið við 2022 og 2023.

Tafla 65. Fjöldi þátta sem efnislegur skortur er á eftir stöðu á húsnæðismarkaði. Samanburður milli ára.

	2022	2023	2024
<i>Í eigin húsnæði</i>			
Engin skortur	73,8%	69,6%	66,8%
Einn þáttur	14,2%	15,6%	16,7%
Tveir þættir	7,9%	9,2%	9,7%
Efnislegu skortur	2,6%	3,5%	4,4%
Verulegur efnislegur skortur	1,5%	2,1%	2,4%
<i>Leigjendur</i>			
Engin skortur	38,5%	33,4%	35,6%
Einn þáttur	24,6%	26,5%	26,9%
Tveir þættir	17,2%	18,1%	16,3%
Efnislegu skortur	11,7%	11,9%	11,5%
Verulegur efnislegur skortur	7,9%	10,0%	9,7%
<i>Samtals</i>			
Engin skortur	62,5%	58,9%	57,7%
Einn þáttur	17,5%	18,8%	19,7%
Tveir þættir	10,9%	11,8%	11,6%
Efnislegu skortur	5,6%	6,0%	6,4%
Verulegur efnislegur skortur	3,6%	4,4%	4,6%

3.3.10 Samantekt - staða launafólks á húsnæðismarkaði

Staða launafólks á húsnæðismarkaði hefur breyst nokkuð milli ára en þróunin er ólík meðal leigjenda og þeirra sem eru í eigin húsnæði.

Lægra hlutfall þeirra sem eru í leiguhúsnæði á erfitt með að ná endum saman árið 2024 (56,9%). Hlutfallið var hærra árið 2023 (64,4%) en lægst árið 2022 (53,1%). Lægra hlutfall leigjenda býr við þunga byrði af húsnæðiskostnaði en árið áður (44,8% á móti 54,6%) og svipað hlutfall býr við efnislegan skort nú eins og árin 2022 og 2023 (11,5% á móti 11,7% og 11,9%). Hins vegar hefur lítilega hækkað hlutfall þeirra sem búa við verulegan efnislegan skort frá 2022 þegar hlutfallið var 7,9% en var 10% ári síðar og 9,7% árið 2024.

Staða þeirra sem eru í eigin húsnæði hefur versnað frá árinu 2022. Þá áttu 23,6% erfitt með að ná endum saman en hlutfallið var 37,1% ári síðar og mælist 34,7% árið 2024. Hærra hlutfall launafólks í eigin húsnæði býr við þunga byrði af húsnæðiskostnaði árið 2024 en 2023 og 2022 (30,5% á móti 28,2% og 19,2%). Einnig er hærra hlutfall launafólks í eigin húsnæði sem býr við efnislegan skort (4,4% á móti 2,6% árið 2022 og 3,5% árið 2023) og verulegan efnislegan skort (2,4% á móti 1,5% 2022 og 2,1% 2023).

Meirihluti launafólks er í eigin húsnæði (62,5%) en tæplega fimmtungur er í leiguhúsnæði á almennum markaði (18,4%). Hins vegar er mikill munur á stöðu launafólks á húsnæðismarkaði eftir fjölskyldustöðu, uppruna og aldri. Lægst er hlutfall einhleypra foreldra í eigin húsnæði (36,1%), einhleypra (37,5%), innflytjenda (28,9%), fólks með erlendan bakgrunn (58,3%) og fólks í yngstu aldurshópnum 30 ára og yngri (29,9%) og 31-40 ára (53,6%).

Að sama skapi er samsetning þeirra sem eru á leigumarkaði mjög frábrugðin þeim hópum sem eru í eigin húsnæði. Mun hærra hlutfall innflytjenda, yngra fólks og einhleypra er á leigumarkaði. Þá eru þau sem eru í eigin húsnæði, í sambúð, innfædd og í eldri aldurshópum almennt í stærra og hentugra húsnæði en þau sem eru í leiguhúsnæði, einhleyp, innflytjendur og í yngri aldurshópum sem eru jafnframt í meiri mæli í aukaíbúðum, herbergjum, bílskúrum og atvinnuhúsnæði. Einnig er mikill munur milli hópa á hversu oft fólk hefur skipt um húsnæði á undanförunum fimm árum. Mun hærra hlutfall einhleypra foreldra (17,7%), einhleypra (21,2%), innflytjenda (27,5%) og leigjenda (31,8%) hefur flutt þrisvar sinnum eða oftar á síðastliðnum fimm árum.

Þegar litið er til byrði húsnæðiskostnaðar sést að hátt hlutfall einhleypra foreldra (43,3%), sambúðarfólks með börn (42%), innflytjenda (46,3%), 31-40 ára (44%) og leigjenda (42,6%) býr

við þunga byrði af húsnæðiskostnaði. Þegar fjárhagstaða launafólks er skoðuð út frá stöðu á húsnæðismarkaði sést greinilega að hærra hlutfall þeirra sem eru á leigumarkaði býr við þrönga fjárhagsstöðu. Það á bæði við um þau sem eru á almennum leigumarkaði og í leiguhúsnæði á vegum óhagnaðardriffinna leigusamtaka. Þannig er hærra hlutfall fólks á leigumarkaði sem á erfitt með að ná endum saman, getur ekki mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum og býr við efnislegan skort samanborið við þau sem eru í eigin húsnæði.

3.3.11 Summary - Housing market status

The housing market status of workers has changed somewhat between years, but the development varies between tenants and homeowners.

A lower percentage of tenants struggle to make ends meet in 2024 (56.9%). The proportion was higher in 2023 (64.4%) but lower in 2022 (53.1%). A lower percentage of tenants have a burdensome housing cost than the year before (44.8% compared to 54.6%), and a similar proportion experience material deprivation now as in 2022 and 2023 (11.5% compared to 11.7% and 11.9%). However, the proportion who experience severe material deprivation has decreased a little from 2022 when the proportion was 7.9%, rising to 10% one year later, and it is at 9.7% in 2024.

Homeowners are worse off now than they were in 2022. In 2022, 23.6% struggled to make ends meet, but 37.1% one year later, and the proportion is 34.7% in 2024. A similar proportion of workers have a burdensome housing cost in 2024 and 2023 (30.5% and 28.2%), but the proportion was higher in 2022 (19.2%). Workers who are homeowners are also more likely now than before to experience material deprivation (4.4% compared to 2.6% in 2022 and 3.5% in 2023), and to experience severe material deprivation (2.4% compared to 1.5% in 2022 and 2.1% in 2023).

The majority of workers are homeowners (62.5%), with almost a fifth renting in the private market (18.4%). However, there is a significant difference in the housing market status of workers based on family type, origin, and age. Single parents are least likely to be homeowners (36.1%), followed by single persons (37.5%), immigrants (28.9%), people with a foreign background (58.3%), and the youngest age groups, people 30 years and younger (29.9%) and people 31-40 years old (53.6%).

The composition of workers who rent is very different from those who are homeowners. Immigrants, young people, and single persons are much more likely to rent, compared to other groups. Homeowners, cohabiting people, natives, and people in the older age groups generally live

in bigger and more suitable housing, compared to tenants, single people, immigrants, and people in the younger age groups, who are more likely to live in small and unsuitable housing, as well as in alternative types of housing such as extra apartments, rooms, garages, and industrial housing. There is also a significant difference between groups in how often people have changed residences in the past five years. Single parents (17,7%), single people (21.2%), immigrants (27.5%), and tenants (31.8%) are much more likely to have had to move three or more times in the last five years.

Looking at housing costs we see that a high proportion of single parents (43.3%), cohabiting people with children (42%), immigrants (46.3%), people aged 31-40 years (44%), and tenants (42.6%) have a burdensome housing cost. When considering the financial status of workers based on their housing market status, it is clear that a higher proportion of those in the rental market live under a tight financial situation. That applies to those in the private rental market as well as those who rent with non-profit rental associations. A higher proportion of tenants struggle to make ends meet, cannot meet an unexpected cost of 80,000 ISK, and experience material deprivation, compared to those who are homeowners.

3.4 Heilsufar launafólks

Í kaflanum er fjallað um heilsufar félagsfólks aðildarfélaga ASÍ og BSRB en þátttakendur voru spurðir út í bæði líkamlega og andlega heilsu sína út frá stöðluðum sjálfsmatskvarða.

Til að meta líkamlega heilsu var fólk beðið um að meta hana sjálf út frá beinni spurningu um líkamlega heilsu nú um stundir. Andlega heilsan var hins vegar metin út frá PHQ-9 kvarðanum, stöðluðum spurningalista sem tekur til nýu einkenna andlegrar vanlíðanar (sjá 2.4. Mælingar).

Í lífskjararannókn Hagstofu Íslands má finna upplýsingar, til ársins 2018, um sjálfmetna heilsu landsmanna, en um 77% taldi sig vera við góða heilsu það árið. Þegar upplýsingarnar eru skoðaðar með tilliti til tekjufimmtunga má hins vegar sjá að einungis um 66% þeirra í lægsta tekjufimmtunginum telja sig vera við góða heilsu á móti 86% þeirra í efsta tekjufimmtunginum (Hagstofa Íslands, 2019).

Í lýðheilsumælaborði Embættis landlæknis gefur að líta upplýsingar um líkamlega og andlega heilsu landsmanna til ársins 2022. Má þar sjá að það ár mátu 41% fullorðinna landsmanna líkamlega heilsu sína annaðhvort sæmilega eða lélega og var það hlutfall nokkuð hærra en árin á undan, 2020 og 2021 (Embætti landlæknis, 2024). Hvað varðar andlega heilsu kemur í ljós að tæplega 33% fólks á landsvísu metur andlega heilsu sína annaðhvort sæmilega eða lélega árið 2022 og var það hlutfall einnig hærra en árin á undan (Embætti landlæknis, 2024).

3.4.1 Líkamlegt heilsufar

Tafla 66 sýnir að 18,6% kvenna og 16,7% karla meta líkamlegt heilsufar sitt slæmt eða frekar slæmt. Svipað hlutfall kvenna og karla segja heilsufar sitt hvorki gott né slæmt (33% og 33,3%) en lítið hærra hlutfall karla en kvenna metur heilsufar sitt mjög eða frekar gott (50% á móti 48,4%). Þegar litið er til heilsufars eftir fjölskyldustöðu sést að hæst er hlutfall einhleypra mæðra sem meta heilsufar sitt frekar eða mjög slæmt (20,8%) og því næst einhleypra kvenna (19,8%), einhleypra feðra (18,7%) og kvenna í sambúð með börn (18,6%).

Tafla 66. Líkamlegt heilsufar eftir kyni og fjölskyldustöðu.

	Í sambúð með barn/börn	Í sambúð	Einhleypir foreldrar	Einhleypir	Samtals	<i>P</i> -gildi
<i>Konur og kvár</i>						
Mjög gott	9,4%	9,6%	8,7%	9,5%	9,4%	0,000**
Frekar gott	38,2%	42,0%	34,2%	38,3%	39,0%	<i>N</i> = 8.027
Hvorki gott né slæmt	33,8%	31,7%	36,3%	32,4%	33,0%	
Frekar slæmt	15,8%	14,3%	16,9%	16,6%	15,7%	
Mjög slæmt	2,8%	2,3%	3,9%	3,2%	2,9%	
<i>Karlar</i>						
Mjög gott	11,4%	13,0%	12,7%	12,5%	12,3%	0,000**
Frekar gott	35,7%	40,8%	37,3%	36,7%	37,7%	<i>N</i> = 9.812
Hvorki gott né slæmt	35,3%	32,1%	31,3%	32,8%	33,3%	
Frekar slæmt	15,0%	12,1%	16,0%	15,7%	14,3%	
Mjög slæmt	2,6%	2,0%	2,7%	2,4%	2,4%	
<i>Öll</i>						
Mjög gott	10,6%	11,5%	10,5%	11,1%	11,0%	0,000**
Frekar gott	36,7%	41,3%	35,6%	37,4%	38,3%	<i>N</i> = 17.839
Hvorki gott né slæmt	34,7%	32,0%	34,1%	32,6%	33,2%	
Frekar slæmt	15,3%	13,1%	16,5%	16,1%	14,9%	
Mjög slæmt	2,7%	2,1%	3,4%	2,8%	2,6%	

Tafla 67 sýnir líkamlegt heilsufar eftir kyni og uppruna. Hæst er hlutfall fólks með erlendan bakgrunn sem metur líkamlegt heilsufar sitt mjög eða frekar slæmt (18,9%) en hlutfallið er lægra meðal innfæddra (17,6%) og lægst meðal innflytjenda (16,8%). Þegar sjálfsmetin líkamleg heilsa er skoðuð eftir kyni sést að lítil munur er á milli kvenna eftir uppruna en þó er hæst hlutfall innflytjendakvenna sem meta líkamlega heilsu sína mjög eða frekar slæma (18,7%) en hlutfallið er nánast það sama meðal innfæddra kvenna (18,4%) og kvenna með erlendan bakgrunn (18,6%). Meiri munur er á hvernig karlar meta líkamlegt heilsufar sitt eftir uppruna. Hæst er hlutfall karla með erlendan bakgrunn sem meta líkamlega heilsu sína mjög eða frekar slæma (19%), því næst innfæddir karlar (17,1%) en nokkuð lægra hlutfall innflytjendakarla (14,9%).

Tafla 67. Líkamlegt heilsufar eftir kyni og uppruna.

	Innfæddir	Innflytjendur	Með erlendan bakgrunn	Samtals	P-gildi
<i>Konur og kvár</i>					
Mjög gott	9,6%	9,2%	7,6%	9,4%	0,000**
Frekar gott	39,5%	37,2%	39,9%	38,9%	N = 8.261
Hvorki gott né slæmt	32,5%	34,9%	33,8%	33,2%	
Frekar slæmt	15,5%	16,0%	15,4%	15,7%	
Mjög slæmt	2,9%	2,7%	3,2%	2,9%	
<i>Karlar</i>					
Mjög gott	11,2%	15,8%	11,2%	12,4%	0,000**
Frekar gott	37,6%	37,5%	35,8%	37,5%	N = 10.115
Hvorki gott né slæmt	34,1%	31,8%	34,1%	33,5%	
Frekar slæmt	14,7%	12,5%	16,6%	14,2%	
Mjög slæmt	2,4%	2,4%	2,4%	2,4%	
<i>Öll</i>					
Mjög gott	10,5%	12,7%	9,5%	11,0%	0,000**
Frekar gott	38,5%	37,3%	37,7%	38,1%	N = 18.376
Hvorki gott né slæmt	33,4%	33,3%	33,9%	33,4%	
Frekar slæmt	15,0%	14,2%	16,1%	14,9%	
Mjög slæmt	2,6%	2,6%	2,8%	2,6%	

Tafla 68 sýnir sjálfsmetna líkamlega heilsu eftir kyni og aldri. Hæst er hlutfall launafólks á aldursbilinu 41-50 ára sem metur líkamlegt heilsufar mjög eða frekar slæmt (19,9%), því næst meðal 31-40 ára (18,4%), þá 51-60 ára (17,9%) en lægst er hlutfallið meðal 30 ára og yngri (15,1%) og 61 árs og eldri (15,2%). Hærra hlutfall kvenna en karla í öllum aldurshópum meta líkamlega heilsu mjög eða frekar slæma.

Tafla 68. Líkamlegt heilsufar eftir kyni og aldri.

	30 ára og yngri	31-40 ára	41-50 ára	51-60 ára	61 árs og eldri	Samtals	P-gildi
<i>Konur og kvár</i>							
Mjög gott	10,1%	8,2%	9,8%	9,2%	10,0%	9,4%	0,000**
Frekar gott	40,6%	36,4%	34,8%	39,0%	45,8%	38,9%	N = 8.251
Hvorki gott né slæmt	33,6%	36,0%	34,5%	31,8%	28,1%	33,2%	
Frekar slæmt	13,7%	15,9%	17,2%	17,3%	13,9%	15,7%	
Mjög slæmt	2,1%	3,6%	3,6%	2,7%	2,3%	2,9%	
<i>Karlar</i>							
Mjög gott	15,0%	13,5%	10,7%	11,1%	11,1%	12,3%	0,000**
Frekar gott	38,4%	34,4%	34,1%	38,8%	44,3%	37,5%	N = 10.090
Hvorki gott né slæmt	32,1%	34,4%	36,0%	34,1%	30,2%	33,6%	
Frekar slæmt	12,4%	15,5%	16,5%	13,1%	12,5%	14,2%	
Mjög slæmt	2,2%	2,1%	2,8%	2,9%	1,9%	2,4%	
<i>Öll</i>							
Mjög gott	12,6%	11,3%	10,3%	10,2%	10,6%	11,0%	0,000**
Frekar gott	39,5%	35,3%	34,4%	38,9%	44,9%	38,1%	N = 18.341
Hvorki gott né slæmt	32,8%	35,1%	35,3%	33,0%	29,3%	33,4%	
Frekar slæmt	13,0%	15,7%	16,8%	15,1%	13,1%	14,9%	
Mjög slæmt	2,1%	2,7%	3,1%	2,8%	2,1%	2,6%	

3.4.2 Andlegt heilsufar

Þegar andleg heilsa kvenna og karla er skoðuð þá kemur í ljós að hærra hlutfall kvenna en karla hafa nær daglega upplifað sjö af níu upptöldum atriðum sem saman meta andlega heilsu. Sömuleiðis er hærra hlutfall kvenna sem býr við slæma andlega heilsu á heildarkvarða, líkt og sést í töflu 69.

Taflan sýnir að 13% kvenna og 12,7% karla hafa upplifað lítinn áhuga eða gleði við að gera hlutina. Þá hafa 10,5% kvenna og 9,9% karla verið niðurdregin, döpur eða vonlaus, 20,5% kvenna en 16,6% karla hafa átt erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina, 27,1% kvenna en 18,9% karla hafa fundið fyrir þreytu og orkuleysi, 12,9% kvenna en 8,8% karla hafa verið lystarlaus eða borðað of mikið, 13,9% kvenna en 12,3% karla hefur liðið illa með sig sjálf og 12,5% kvenna en 10% karla hafa átt erfitt með einbeitingu. Sama hlutfall karla og kvenna hafa hreyft sig eða talað svo hægt að aðrir taka eftir því eða verið eirðarlaus (4,9%). Hærra hlutfall karla hefur hugsað að það væri betra ef þeir væru dánir eða hugsað um að skaða sig eða 3,1% en hlutfallið meðal kvenna var 2,2%. Þá búa 38,1% kvenna í aðildarfélagum ASÍ og BSRB við slæma andlega heilsu og sama á við um 31,8% karla.

Þegar litið er til andlegrar heilsu kvenna og karla eftir fjölskyldugerð sést að hærra hlutfall kvenna býr við slæma andlega heilsu samanborið við karla í öllum fjölskylduformum. Hæst er hlutfall einhleypra mæðra sem búa við slæma andlega heilsu en það á við um meira en helming þeirra (53,2%), næst hæst er hlutfall einhleypra kvenna (44,4%), þá kvenna í sambúð með börn (37,5%) en lægst er hlutfallið meðal kvenna í sambúð (28%). Þegar litið er til karla sést sama mynstur þar sem hæst er hlutfall einhleypra fedra sem býr við slæma andlega heilsu (46%), þá einhleypra karla (40,2%), karla í sambúð með börn (31,9%) en lægst er hlutfallið meðal karla í sambúð (21,7%).

Tafla 69. Nánast dagleg neikvæð andleg einkenni eftir kyni og fjölskyldustöðu.

	Í sambúð með barn/börn	Í sambúð	Einhleypir foreldrar	Einhleypir	Samtals	P-gildi
<i>Litlum áhuga eða gleði við að gera hlutina</i>						N = 17.844
Konur og kvár	11,5%	9,6%	19,4%	15,9%	13,0%	0,000**
Karlar	13,1%	7,9%	18,3%	16,6%	12,7%	0,000**
Öll	12,4%	8,7%	18,9%	16,3%	12,8%	0,000**
<i>Verið niðurdregin, döpur, vonlaus</i>						N = 17.806
Konur og kvár	9,5%	7,5%	15,8%	12,9%	10,5%	0,000**
Karlar	9,5%	5,5%	17,2%	14,1%	9,9%	0,000**
Öll	9,5%	6,4%	16,4%	13,5%	10,2%	0,000**
<i>Átt erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina</i>						N = 17.855
Konur og kvár	18,7%	16,3%	27,6%	24,5%	20,5%	0,000**
Karlar	16,3%	11,4%	24,7%	21,4%	16,6%	0,000**
Öll	17,3%	13,6%	26,3%	22,8%	18,4%	0,000**
<i>Fundið fyrir þreytu og orkuleysi</i>						N = 17.774
Konur og kvár	28,8%	19,8%	35,6%	30,2%	27,1%	0,000**
Karlar	20,5%	12,9%	26,5%	21,9%	18,9%	0,000**
Öll	24,0%	16,0%	31,6%	25,7%	22,6%	0,000**
<i>Átt við lystarleysi eða ofát</i>						N = 17.689
Konur og kvár	12,9%	8,8%	19,8%	14,9%	12,9%	0,000**
Karlar	9,5%	4,4%	13,9%	11,7%	8,8%	0,000**
Öll	10,9%	6,4%	17,2%	13,1%	10,6%	0,000**
<i>Liðið illa með sjálfst sig eða fundist þau ekki hafa staðið sig í stykkinu gagnvart sjálfum sér eða fjölskyldu sinni</i>						N = 17.841
Konur og kvár	14,2%	8,7%	22,3%	16,2%	13,9%	0,000**
Karlar	12,8%	6,4%	23,9%	15,7%	12,3%	0,000**
Öll	13,4%	7,4%	23,0%	15,9%	13,0%	0,000**
<i>Átt í erfðleikum með einbeitingu</i>						N = 17.818
Konur og kvár	12,2%	8,5%	20,7%	14,2%	12,5%	0,000**
Karlar	9,6%	5,7%	16,9%	14,1%	10,0%	0,000**
Öll	10,7%	7,0%	19,0%	14,1%	11,1%	0,000**
<i>Hreyft sig eða talað svo hægt að aðrir hafa tekið eftir því eða hið gagnstæða – verið eirðarlaus eða óróleg og hreyft sig miklu meira en venjulega</i>						N = 17.802
Konur og kvár	4,5%	3,5%	7,7%	5,9%	4,9%	0,000**
Karlar	4,7%	2,6%	8,2%	7,1%	4,9%	0,000**
Öll	4,6%	3,0%	7,9%	6,5%	4,9%	0,000**
<i>Hugsað um að það væri betra að vera dáin(n) eða hugsað um að skaða þig á einhvern hátt</i>						N = 17.798
Konur og kvár	1,4%	1,6%	3,4%	3,3%	2,2%	0,000**
Karlar	2,5%	1,6%	5,2%	5,0%	3,1%	0,000**
Öll	2,0%	1,6%	4,2%	4,3%	2,7%	0,000**
<i>Slæm andleg heilsa samkvæmt PHQ-9 skalanum (10-27 punktar á heildarkvarða)</i>						N = 17.727
Konur og kvár	37,5%	28,0%	53,2%	44,4%	38,1%	0,000**
Karlar	31,9%	21,7%	46,0%	40,2%	31,8%	0,000**
Öll	34,3%	24,5%	50,0%	42,1%	34,6%	0,000**

Tafla 70 sýnir niðurstöður fyrir andlega heilsu kvenna og karla eftir uppruna. Á töflunni má sjá að mun herra hlutfall innflytjenda (48,7% kvenna og 43,3% karla), og fólks með erlendan bakgrunn (44,5% kvenna og 36,6% karla) en innfæddra (33,5% kvenna og 27,7% karla) skorar 10-27 punkta á heildarkvarðanum og teljast því við slæma andlega heilsu. Af þeim sem töldu sig finna nær

daglega fyrir þeim níu þáttum sem spurt var um var hlutfallið í öllu tilfellum nema einu hæst meðal innflytjendakvenna. Meðal innflytjendakvenna finna 21,1% lítinn áhuga eða gleði við að gera hlutina (á mótí 9,9% innfæddra kvenna og 12,5% kvenna með erlendan bakgrunn), 18% eru niðurdregnar, daprar eða vonlausar (á mótí 7,6% innfæddra kvenna og 11% kvenna með erlendan bakgrunn), 26,8% eiga erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina (á mótí 17,8% innfæddra kvenna og 25,2% kvenna með erlendan bakgrunn) og 33,2% finna fyrir þreytu og orkuleysi (á mótí 24,2% innfæddra kvenna og 32,5% kvenna með erlendan bakgrunn), 17,6% átt við lystaleysi eða ofát (á mótí 11% innfæddra kvenna og 13,8% kvenna með erlendan bakgrunn), 17,6% liðið illa með sig sjálfar eða fundist þær ekki hafa staðið sig í stykkinu (á mótí 12,2% innfæddra kvenna og 17,2% kvenna með erlendan bakgrunn), 16,4% átt í erfiðleikum með einbeitingu (á mótí 10,7% innfæddra kvenna og 15,1% kvenna með erlendan bakgrunn) og 8,7% hreyft sig eða talað svo hægt að aðrir hafa tekið eftir því eða hið gagnstæða (á mótí 3,4% innfæddra kvenna og 6% kvenna með erlendan bakgrunn). Hlutfallslega algengast er meðal kvenna með erlendan bakgrunn að hugsa nær daglega um að betra væri ef þær væru dánar eða um að skaða sig á einhvern hátt (3,8% á mótí 3,1% meðal innflytjendakvenna og 1,8% hjá innfæddum konum).

Í öllum tilfellum var hlutfall innflytjendakarla sem fundu nær daglega fyrir þeim níu þáttum sem spurt var um hærra en innfæddra karla og karla með erlendan bakgrunn. Af innflytjendakörlum upplifa 17,9% lítinn áhuga eða gleði við að gera hlutina (á mótí 10,8% innfæddra karla og 15,2% karla með erlendan bakgrunn). 24,8% eiga erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina (á mótí 14% innfæddra karla og 17,4% karla með erlendan bakgrunn) og 16,3% hefur liðið illa með sjálfa sig (á mótí 10,8% innfæddra karla og 14,8% karla með erlendan bakgrunn). Hlutfallslega algengast var á meðal innflytjendakarla og karla með erlendan bakgrunn að hugsa nær daglega um að betra væri ef þeir væru dánir eða hefðu skaðað sig á einhvern hátt (4,9% meðal innflytjendakarla og 4,8% meðal karla með erlendan bakgrunn á mótí 2,4% meðal innfæddra).

Tafla 70. Nánast dagleg neikvæð andleg einkenni eftir kyni og uppruna.

	Innfæddir	Innflytjendur	Með erlendan bakgrunn	Samtals	p-gildi
<i>Litlum áhuga eða gleði við að gera hlutina</i>					<i>N = 18.367</i>
Konur og kvár	9,9%	21,1%	12,5%	13,2%	0,000**
Karlar	10,8%	17,9%	15,2%	12,8%	0,000**
Öll	10,4%	19,4%	14,0%	12,9%	0,000**
<i>Verið niðurdregin, döpur, vonlaus</i>					<i>N = 18.336</i>
Konur og kvár	7,6%	18,0%	11,0%	10,7%	0,000**
Karlar	7,7%	16,5%	12,1%	10,1%	0,000**
Öll	7,7%	17,2%	11,6%	10,3%	0,000**
<i>Átt erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina</i>					<i>N = 18.383</i>
Konur og kvár	17,8%	26,8%	25,2%	20,6%	0,000**
Karlar	14,0%	24,8%	17,4%	16,8%	0,000**
Öll	15,6%	25,8%	21,1%	18,6%	0,000**
<i>Fundið fyrir þreytu og orkuleysi</i>					<i>N = 18.298</i>
Konur og kvár	24,2%	33,2%	32,5%	27,1%	0,000**
Karlar	16,2%	27,1%	20,9%	19,1%	0,000**
Öll	19,7%	30,0%	26,4%	22,7%	0,000**
<i>Átt við lystarleysi eða ofát</i>					<i>N = 18.206</i>
Konur og kvár	11,0%	17,6%	13,8%	13,0%	0,000**
Karlar	7,1%	13,3%	13,2%	8,9%	0,000**
Öll	8,8%	15,3%	13,5%	10,7%	0,000**
<i>Liðið illa með sjálfri sig eða fundist þau ekki hafa staðið sig í stykkinu gagnvart sjálfum sér eða fjölskyldu sinni</i>					<i>N = 18.369</i>
Konur og kvár	12,2%	17,6%	17,2%	13,9%	0,000**
Karlar	10,8%	16,3%	14,8%	12,4%	0,000**
Öll	11,4%	16,9%	15,9%	13,1%	0,000**
<i>Átt í erfðleikum með einbeitingu</i>					<i>N = 18.349</i>
Konur og kvár	10,7%	16,4%	15,1%	12,5%	0,000**
Karlar	9,1%	12,9%	9,7%	10,1%	0,000**
Öll	9,8%	14,6%	12,2%	11,2%	0,000**
<i>Hreyft sig eða talað svo hægt að aðrir hafa tekið eftir því eða hið gagnstæða – verið eirðarlaus eða óróleg og hreyft sig miklu meira en venjulega</i>					<i>N = 18.328</i>
Konur og kvár	3,4%	8,7%	6,0%	5,0%	0,000**
Karlar	3,6%	8,4%	7,5%	5,0%	0,000**
Öll	3,5%	8,5%	6,8%	5,0%	0,000**
<i>Hugsað um að það væri betra að vera dáin(n) eða hugsað um að skaða þig á einhvern hátt</i>					<i>N = 18.323</i>
Konur og kvár	1,8%	3,1%	3,8%	2,2%	0,000**
Karlar	2,4%	4,9%	4,8%	3,1%	0,000**
Öll	2,1%	4,0%	4,4%	2,7%	0,000**
<i>Slæm andleg heilsa samkvæmt PHQ-9 skalanum (10-27 punktar á heildarkvarða)</i>					<i>N = 18.248</i>
Konur og kvár	33,5%	48,7%	44,5%	38,2%	0,000**
Karlar	27,7%	43,3%	36,6%	32,0%	0,000**
Öll	30,3%	45,9%	40,3%	34,8%	0,000**

Tafla 71 sýnir niðurstöður yfir andlega heilsu greint eftir kyni og aldri. Á töflunni má sjá að sá aldurshópur sem hlutfallslega skorar hæst á 10-27 punkta heildarkvarðanum er fólk 30 ára og yngra (47%). Hlutfallið lækkar í eldri aldurshópum en er 43,5% meðal 31-40 ára, 36,8% hjá 41-50 ára, 24,3% hjá 51-60 ára og 14,7% hjá 61 árs og eldri.

Hæst er hlutfall ungra kvenna (30 ára og yngri) sem finna fyrir átta af þeim níu atriðum sem spurt var um í könnuninni. Þær finna í mestum mæli fyrir litlum áhuga eða gleði við að gera hlutina (18,3% á móti 12,9% allra), verið niðurdregnar, daprar eða vonlausar (15,4% á móti 10,4% allra), átt erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina (25,3% á móti 18,6% allra), liðið illa með sjálfar sig (18,8% á móti 13% allra) og átt í erfiðleikum með einbeitingu (19% á móti 11,2% allra). Hlutfall karla á aldrinum 31-40 ára og 30 ára og yngri sem hafa hugsað um að það væri betra ef þeir væru dánir eða hugsað um að skaða sig er hæst (4,5% á móti 2,7% allra).

Tafla 71. Nánast dagleg neikvæð andleg einkenni eftir kyni og aldri.

	30 ára og yngri	31-40 ára	41-50 ára	51-60 ára	61 árs og eldri	Samtals	P-gildi
<i>Litlum áhuga eða gleði við að gera hlutina</i>							<i>N = 18.354</i>
Konur og kvár	18,3%	16,1%	14,4%	9,0%	4,4%	13,2%	0,000**
Karlar	15,1%	16,7%	15,5%	8,5%	4,7%	12,8%	0,000**
Öll	16,7%	16,4%	15,0%	8,7%	4,6%	12,9%	0,000**
<i>Verið niðurdregin, döpur, vonlaus</i>							<i>N = 18.322</i>
Konur og kvár	15,4%	13,2%	11,9%	6,6%	3,2%	10,7%	0,000**
Karlar	12,7%	14,5%	11,6%	5,7%	2,5%	10,1%	0,000**
Öll	14,0%	13,9%	11,8%	6,1%	2,8%	10,4%	0,000**
<i>Átt erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina</i>							<i>N = 18.367</i>
Konur og kvár	25,3%	22,5%	23,2%	17,3%	11,4%	20,7%	0,000**
Karlar	22,5%	20,6%	18,2%	12,0%	7,8%	16,8%	0,000**
Öll	23,8%	21,4%	20,4%	14,5%	9,3%	18,6%	0,000**
<i>Fundið fyrir þreytu og orkuleysi</i>							<i>N = 18.283</i>
Konur og kvár	35,3%	32,8%	29,0%	19,1%	12,8%	27,1%	0,000**
Karlar	24,7%	23,5%	22,3%	13,2%	7,7%	19,1%	0,000**
Öll	29,9%	27,5%	25,2%	16,0%	9,9%	22,7%	0,000**
<i>Átt við lystarleysi eða ofát</i>							<i>N = 18.186</i>
